



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. ágúst 2005 - 226. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Var með fordóma gagnvart popptónlist

Helgi Hrafn Jónsson, sem búsettur er í Austurríki, gefur út sína fyrstu sóló-plötu, sem ber nafnið Gló-andi. Hann hefur upplifað mikla togstreitu milli poppsins og klassískrar tónlistar, en hann er básúnuleikari að mennt.

TÓNLIST 28



Í skólanum er skemmtilegt að vera

Við þurfum að þjálfra börn okkar í því að takast á við ólíkar aðstæður, í byggð og í óbyggðum, á malbiki og óræfum. Við þurfum að kenna þeim að rata um landið, þekkja það og skilja eðli náttúrunnar umhverfis okkur.

SKOÐUN 20


Fyrstu stig Fylkis í rúman mánuð

Kjartan Ágúst Breiðdal varamaður var hetja Fylkis er hann kom inn á og skoraði eitt mark og lagði upp annað í 2-1 sigri á Fram á Laugardalsvelli. Sígurinn var kærkominn en stigin þrjú eru þau fyrstu sem Fylkir fær síðan 11. júlí.

ÍPRÓTTIR 24




VEÐRIÐ Í DAG



NORÐAUSTLÆG átt á Vestfjörðum, annars hæg breytileg átt. Viða einhver væta um landið en bjart suðaustanlands.

VEÐUR 4

Lestur á þriðjudögum*



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júlí 2005. Lestur meðal 12-80 ára á þriðjudögum.

Sex hundruð börn á biðlista

Starfsfólk vantar í um níutíu stöðugildi á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar og um sex hundruð börn eru á biðlista eftir plássi. Velmegun í þjóðfélaginu og lág laun leiða til þess að erfitt er að fá fólk í störf. Mannekla er einnig vandamál á leikskólum í Kópavogi. Þar vantar um 25 starfsmenn.

SKÓLAR Sex hundruð börn eru á biðlista eftir plássi á frístundaheimilum grunnskóla Reykjavíkurborgar vegna manneklu. Um níutíu starfsmenn vantar á frístundaheimilunum, en starfrækt eru 32 frístundaheimili við jafnmarga grunnskóla í borginni.

„Velmegun í þjóðfélaginu og lág laun leiða til þess að erfitt reynist að fá fólk í þessi störf“, segir Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnisstjóri hjá Íþrótt- og tómstundaráði.

Sigrún kveðst þó þokkalega bjartsýn á að takist að manna störfin en erfitt sé að segja til um hversu langan tíma það taki. „Vonandi tekst það þó að stórum hluta

fyrstu tvær vikur skólastarfsins“, segir hún.

Reykjavíkurborg auglýsti um helgina eftir fólki með reynslu og höfðaði þar til eldra fólks. Sigrún kveðst hafa orðið vör við nokkra svörun við auglýsingunni og vonar að í kjölfarið takist að ráða fleira starfsfólk til frístundaheimilanna.

„Það gekk betur að ráða fólk síðastliðið haust, en ég held að þetta muni að lokum skila sér“, segir Sigríður Rut Hilmarsdóttir, umsjónarmaður frístundaheimilis Melaskóla. Þar eru tæplega fimmtíu börn á biðlista eftir plássi og umsóknir enn að berast. Tólf börn eru á hvern starfsmann og býst

Laun starfsmanna leikskóla	
Starfsmaður án reynslu	112.927
Leiðbeinandi	116.343
Leikskólakennari	169.473
Faglærður deildarstjóri	193.774

Laun starfsmanna frístundaheimila	
Frístundaleiðbeinandi	116.343
Stuðningsfulltrúi	139.100
Háskólamenntaður starfsmaður	156.695
Umsjónarmaður	181.850

Alls staðar er um lægstu byrjunarlaun að ræða. Byrjunarlaun eru þó mjög mismunandi þar sem þættir eins og aldur, menntun og reynsla hafa áhrif á launin.

Sigríður við að ráða þurfi fimm til sex starfsmenn til viðbótar þeim sem þegar starfa við heimilið.

Í Kópavogi hefur reynst erfitt að manna leikskóla, líkt og í Reykjavík, en þar eru um 25 stöðugildi laus, að sögn Sesselju Hauksdóttur leikskólafulltrúa. Sextán leikskólar starfa í Kópavogi og þar dvelja daglega yfir 1.500 börn.

„Ef ekki tekst að ráða í þessi stöðugildi er augljóst að við þurfum að draga úr eða fresta inntöku barna sem áttu að fá inni á leikskólunum nú í haust“, segir Sesselja. „Við sjáum ekki fram á að þurfa að grípa til annarra ráðstafana í bili og vonumst til þess að úr leysist á næstu dögum“ segir Sesselja Hauksdóttir.

- ht



BARIST VIÐ SKÓGARELDA Í PORTÚGÁL Slökkviliðsmenn hlaupa að húsi í þorpinu Almalagues nærri borginni Coimbra. Miklir skógareldar hafa geisað í landinu undanfarnar vikur. Nú er svo komið að borgin Coimbra, sem er um 200 kílómetra norður af Lissabon, er í hættu. Sjá síðu 10

Ekki búið að semja við starfskonur gæsluvalla: Vilja þrjá mánuði umfram uppsagnarfrest

KJARAMÁL Ekki hafa enn verið gerðir starfslokasamningar við gæslukonur borgarinnar, en uppsagnir þeirra taka gildi um næstu mánaðamót. Þær hafa nú farið fram á sambærileg réttindi og þau sem starfsmönnum Vélamiðstöðvarinnar voru tryggð við sölu hennar frá borginni á dögnum, en missi þeir störf sín vegna hagræðingar eiga þeir rétt á launum í þrjá mánuði umfram það sem kjarasamningar kveða á um.

Staða gæslukvennanna er þó ekki sambærileg, að sögn Birgis Björns Sigurjónssonar, skrifstofustjóra á starfsmannaskrifstofu Reykjavíkurborgar. „Þarna er fyrst og fremst verið að



Í MALARÁSI Gæslukonur á gæsluvellinum í Malarási.

tryggja starfsmönnum fyrirheit um ákveðin kjör ef ekki finnst starf við hæfi.“

Birgir segir hendur borgarinnar bundnar af ráðningarsamningum, kjarasamningum og samþykktum borgarinnar, en menn hafi skapað sér ákveðið svigrúm til þess að gera vel við gæslukonurnar með því að draga það á langinn að senda uppsagnarbréfið þótt ákvörðun um uppsögn hafi lengi legið fyrir. Því væri hægt að bjóða þeim laun samkvæmt uppsagnarfresti í nokkra mánuði eftir starfslok.

Birgir segir þær enn fremur hafa kost á fjöldamörgum störfum innan borgarinnar og nefnir meðal annars leikskóla í því sambandi.

- grs

Bífreiðastæði á Akureyri:

Stöðumælar lagðir af

BÍFREIÐASTÆÐI Notkun stöðumæla verður hætt á Akureyri næstkomandi föstudag og verður frítt í öll bílastæði nema fastleigustæði. Bílastæðaklukkur leysa síðan stöðumælana af hólmi og verður bíleigendum skylt að stilla klukkuna samviskusamlega þegar bíreið er lagt í stæði í miðbæ Akureyrar. Bílastæðaklukkunum verður dreift í öll hús á Akureyri nú í vikunni.

Mismunandi er eftir svæðum hversu lengi bílar mega standa óhreyfðir í stæði, frá 15 mínútum upp í tvær klukkustundir. Stöðuverðir munu fylgjast grannt með hverjum klukkan glymur og sekta þá sem brjóta reglur.

- kk



OLÍUVINNUSLUSTÖÐ Í ÍRAK Eitt af því sem tekist er á um eru olíuhagsmunir.

Ný stjórnarskrá:

Drög lögð fyrir íraska þingið

ÍRAK, AP Drög að nýrri stjórnarskrá Íraks voru kynnt íraska þinginu í gær, þrátt fyrir mótmæli minnihluta súnnía. „Við höfnum stjórnarskrárdrögum sem lögð voru fram því samþykki okkar vantaði“, sagði Nasser al-Janabi, fulltrúi súnnía.

Atkvæðagreiðslu um nýju stjórnarskrána var þó frestað í gær en reyna á til þrautar að ná fram stuðningi súnnía við hana. Frestur til að leggja fram drög að nýrri stjórnarskrá rann út á miðnætti. Íraska þingið hefur nú þrjá daga til að ræða og ná samkomulagi um stjórnarskrána, segir Hajim al-Hassani, forseti íraska þingsins. ■



SPURNING DAGSINS

Georg, eruð þið papparassar?

„Ef það hentar okkur þá getum við vel verið það.“

Starfsmaður Landhelgisgæslunnar ljósmyndaði varðskip á tökustað Flags of Our Fathers við litla hrifningu kvikmyndagerðarmannanna. Papparassar (paparazzi) eru ljósmyndarar sem leitast við að mynda frægt fólk án samþykkis þess. Georg Lárusson er forstjóri Landhelgisgæslunnar.

Rannsókn á flugslysínu í Grikklandi:

Skortur á súrefni og eldsneyti olli slysínu

APENA, AP Fall á loftþrýstingi og eldsneytisskortur varð til þess að kýpversk flugvél missti afl og hrapaði norður af Apenu í Grikklandi fyrr í mánuðinum. 121 farþegi og áhöfn létust í slysínu.

Þetta kom fram í skýrslu grískrar rannsóknarnefndar sem kannar tildrög slyssins. Skýrslan skýtur stoðum undir þær kenningar sem fram hafa komið um slysið, að farþegar og áhöfn hafi misst meðvitund vegna þess að loftþrýstingur féll í vélinni og að einhver hafi reynt að bjarga vélinni skömmu áður en hún fórst.

Daginn sem vélin hrapaði höfðu tvær herpotur flogið upp að henni til þess að athuga hvort eitt-

hvað væri að því allt samband við vélina hafði rofnað. Sögðust flugmenn herþotnanna hafa séð að aðstoðarflugmaður farþegavélarinnar hefðu verið í öngviti og flugmaðurinn hvergi verið sjáanlegur. Þeir sáu jafnframt súrefnisgrímur hangandi í farþegarýminu.

Líkamsleifar 118 farþega og áhafnar hafa fundist en þrír eru enn ófundnir.

- sda



BRÁK KÝPVERSKU FLUGVÉLARINNAR SEM FÓRST Á GRIKKLANDI Talið er að fall á loftþrýstingi og eldsneytisskortur hafi valdið því að flugvélin hrapaði með þeim afleiðingum að 121 farþegi og áhöfn létu lífið fyrr í mánuðinum.

Óhæfur til yfirheyrslu

Ekki liggur enn fyrir hvort maðurinn sem grunaður er um að hafa orðið tvítugum manni að bana í húsi við Hverfisgötu á laugardag hafi játað verknaðinn. Ástand hans er með þeim hætti að ófært hefur verið að yfirheyra hann.

LÖGREGLA Lögreglan í Reykjavík vill ekkert segja til um hvort maðurinn sem grunaður er um morð á tvítugum manni í heima-húsi við Hverfisgötu í Reykjavík um helgina hafi játað verknaðinn. Hinn grunaði var úrskurðaður í tíu daga gæsluvarðhald af Héraðsdómi Reykjavíkur á laugardag og ætla ekki að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar.

Að sögn Ómars Smára Ármannssonar, aðstoðaryfirlög-regluþjóns hjá lögreglunni í Reykjavík, stóð til að yfirheyra hinn grunaða um helgina en ástand hans var með þeim hætti að erfitt var að yfirheyra hann. Honum var gefinn tími til að hvíla sig og stóð til að yfirheyrslur yfir honum færu fram í gær. Að sögn Ómars Smára er málið enn í rannsókn og segir hann að ekki sé hægt að veita frekari upplýsingar um framgang rannsóknarinnar þar sem það varði hagsmunum rannsóknar af þessu tagi og muni lögreglan halda rannsókn málsins áfram með hefðbundnum hætti.

Lögreglunni í Reykjavík barst tilkynning snemma á laugardagsmorgun um að maður hefði verið stunginn í heimahúsi við Hverfisgötu í Reykjavík. Þegar lögregla kom á staðinn var ljóst að maðurinn hafði verið stunginn í hjartastað og hófust endurlíf-gunartilraunir þegar í stað. Þær báru ekki árangur og lést maðurinn skömmu síðar. Lagt var hald á hníf í íbúðinni sem talinn er vera morðvopnið.

Þrír karlmenn og ein kona, sem öll voru í íbúðinni, voru handtekin á staðnum og færð til yfirheyrslu, grunuð um að vera völd að dauða mannsins. Þau voru öll í annarlegu ástandi. Þeim var sleppt



VETTANGUR MORÐSINS Tuttugu ára gömlum manni var ráðinn bani í þessu húsi við Hverfisgötu á laugardagsmorgun.

síðar um kvöldið. Einn til viðbótar var svo handtekinn á laugardag en sleppt daginn eftir.

Einn þessara manna var úrskurðaður í gæsluvarðhald síðdegis á laugardaginn en hann var gestur í húsinu eins og fórnarlambið.

Að sögn Ómars Smára verður yfirheyrslum haldið áfram næstu daga þar til tildrög morðsins skýrast en allt eins má búast við að þau sem þegar hafa verið færð til yfirheyrslu verði yfirheyrð nánar um tildrög atburðarins.

hjalmar@frettabladid.is



HÁTÍÐLEG ATHÖFN Á BESSASTÖÐUM Ólafur Ragnar Grímsson forseti, Václav Klaus, forseti Tékklands, og Livia Klausová og Dorrit Moussaieff forsetafrúr ræða við börn á Bessastöðum.

Forseti Tékklands:

Kynnti sér orkusöguna

STJÓRN MÁL Václav Klaus, forseti Tékklands, byrjar daginn í dag á því að funda með Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra áður en haldið verður til Nesjavallavirkjunar og Þingvalla kluukkan tíu. Opinber heimsókn Klaus og eiginkonu hans, frú Liviu Klausová, hófst í gærmorgun með hátíðlegri athöfn á Bessastöðum.

Í gær ræddi Klaus við Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, átti fund með Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, borgarstjóra Reykjavíkur, og kynnti sér áfanga í orkusögu þjóðarinnar auk hugmynda um nýtingu vetnis á fundi í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur.

- óká

NOREGUR

STJÓRNIN FALLIN

Þegar þrjár vikur eru til kosninga benda sumar skoðanakannanir í Noregi til þess að stjórnnin sé fallin. Ný könnun sjónvarpsstöðvarinnar TV 2 sem birt var í gærkvöldi leiðir í ljós að Kristilegi þjóðarflokkurinn er að bæta við sig mestu fylgi, um tveimur prósentum, meðan vinstriflokkar missa mest.

Landnemabyggðir Ísraela:

Brottf lutningi lokið á Gaza

ÍSRAEL, AP Brottf lutningi landnema gyðinga á Gaza lauk í gær, en Ísraels her mætti ekki andstöðu þegar farið var inn í Netzarim, síðustu landnemabyggðina, síðdegis í gær.

Landnemarnir kvöddu með tár-um og voru svo fluttir á braut í brynvörðum bílum. Þar með lauk um fjórtíu ára landnámi á svæðinu, en byggðirnar hafa verið taldar draga úr friðarhorfum í Mið austurlöndum. Í tilefni dagsins hringdi Mahmoud Abbas, leiðtogi Palestínunnar, í Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, og ræddust þeir við í um fimm mínútur. Samtal þeirra er það fyrsta í tvo mánuði. Báðir hétu þeir því að vinna áfram að friði. ■



RANNSAKA DAUÐA MENEZES Ráðgjafar brasilísku ríkisstjórnarinnar komu til Lundúna í gær.

Embættismenn til Lundúna:

Yfirheyra rannsóknarnefnd

LUNDÚNIR, BBC Tveir háttsettir brasilískir embættismenn komu til Lundúna í gær til að yfirheyra rannsóknarnefndina sem rannsakar drápið á Jean Charles de Menezes.

Lögreglumenn skutu hinn 27 ára Brasilíumann til bana á lestarstöð í Lundúnum í júlí því þeir héldu að hann væri hryðjuverkamaður.

Skýrsla sem rannsóknarnefndin hefur unnið lak í fjölmiðla fyrir skemmstu en í henni kom fram að fullyrðingar lögreglu um tildrög málsins væru ekki í samræmi við framburð vitna og myndir úr eftirlitsmyndavélum. ■

Morðið á Gísla Porkelssyni:

Réttarhöldum frestað

DÓMSMÁL Héraðsréttur í Boksburg frestaði í gær máli yfir þarinu sem grunað er um að hafa myrt Gísla Porkelsson í Suður-Afríku. Þau Willie Theron, 28 ára, og Desiree Oberholzer, 43 ára, eiga að mæta aftur fyrir rétt 5. september.

Þetta kemur fram á suður-afríska vefritinu Independent Online. Þar kemur einnig fram að Theron mun fara fram á að vera sleppt úr varðhaldi gegn tryggingu.

Lík Gísla fannst 10. júlí falið í tunnu sem fyllt hafði verið með steypu þannig að aðeins sá í fætur þess. Hann hafði verið skotin í höfuðið.

- ss

Umhverfisstofnun sendir ráðherra tillögur að veiðistjórnun á rjúpu:

Mega skjóta en bannað að selja

RJÚPNAVEIÐAR Umhverfisstofnun hefur sent umhverfisráðherra tillögur að veiðistjórnun á rjúpu þegar veiðar mega hefjast að nýju í haust eftir tveggja ára alfriðun. Tillögurnar byggjast á því mati Náttúrufræðistofnunar Íslands að veiðipól rjúpnastofnsins verði 70 þúsund rjúpur í haust og miða tillögurnar að því að leyfa veiðimönnum að skjóta hóflegt magn en sporna gegn atvinnuveiðum. Endanlegrar reglugerðar umhverfisráðherra um rjúpnaveiðar er að vænta um næstu mánaðamót.

Umhverfisstofnun leggur til að sett verði sölubann á rjúpur og rjúpnaafurðir og veiðitímabilið verði stytzt úr 69 dögum í 28 daga. Samkvæmt tillögum hefst veiðitímabilið 19. október og stendur til 3. desember en ekki má veiða á sunnudögum, mánu-



RJÚPUR Í KJARNASKÓGI Í rjúpnatalningu Náttúrufræðistofnunar Íslands síðastliðið vor kom í ljós að stofninn hefur meira en þrefaldast að stærð á undanföllum tveimur árum.

dögum og þriðjudögum.

Enn fremur leggur Umhverfisstofnun til að hrint verði af stað hvatningarátaki svo veiðimenn

gæti hófs og skjóti ekki meira en tíu til fimmtán rjúpur á veiðitímabilinu, og rjúpa verði áfram friðuð á Reykjanesskaga.

- kk

Ertu hungraður í breytingar



Gerðu kröfur!

Íslandsbanki kynnir Námsvild – þjónustu fyrir námsmenn sem gera kröfur. Námsvild er sérsniðin að fjármálaþörfum námsmanna og innifelur betri kjör og ýmis fríðindi.

NÁMSVILD

- 100 fríar færslur á ári
- Ókeypis persónugert debetkort *
- Bilalán fyrir námsmenn
- Ókeypis kreditkort með ferðaáávisun
- Ókeypis fartölvutrygging **
- 1.500.000 kr. námslokalán
- Hagstæðari yfirdráttarvextir
- Bankaábyrgð á námslánum
- Hagstætt tölvukaupalán
- Ókeypis ISIC kort
- Flott inngöngugjöf
- ... og margt fleira!

Kynntu þér málið á isb.is



ÍSLANDSBANKI | 100%

* kortin verða ókeypis til 16. september

** gildir í eitt ár

GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 22.08.2005			
		KAUP	SALA
 Bandaríkjadalur	USD	63,82	64,12
 Sterlingspund	GBP	114,63	115,19
 Evra	EUR	77,71	78,15
 Dönsk króna	DKK	10,424	10,484
 Norsk króna	NOK	9,739	9,797
 Sænsk króna	SEK	8,297	8,345
 Japanskt jen	JPY	0,5814	0,5848
SDR	XDR	93,38	93,94
Gengisvísitala krónunnar			
108,9594 +0,01			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



NÝTT MIÐBÆJARSKIPULAG Strikið á Egilsstöðum verður fyrst og fremst göngugata en hægt verður að hleypa akandi umferð á götuna að hluta.

Nýr miðbær á Egilsstöðum:

Göngugatan heitir Strikið

MIÐBÆJARSKIPULAG Bæjarráð Fljótsdalshéraðs hefur samþykkt tillögu skipulags- og byggingarnefndar þess efnis að verslunar- og þjónustugata sem fyrirhugað er að liggi um nýjan miðbæ Egilsstaða muni heita Strikið.

Gatan verður mjög áberandi í nýja miðbænum en hún verður bæði hellulögð og malbikuð. Rauðleitum náttúrulegum steinefnum verður blandað saman við malbikið og því mun gatan liggja sem rauðbrúnt strik frá ráðhúsi bæjarins, sem ætlunin er að reisa við enda Striksins, og í gegnum allan miðbæinn.

- kk

Háskólinn á Akureyri:

Aldrei fleiri skráðir til náms

NÁM Kennsla nýnema í grunnnámi við Háskólann á Akureyri hófst í gær með dagskrá sem nefnd er Velgengnisvíka. Í henni kynnst nemendur innbyrðis og fá upplýsingar um þjónustu skólans. Markmiðið er að búa nýnema undir nám og starf í háskóla en hugmyndin er að erlendlri fyrirmynd.

Kennsla eldri nemenda hefst fimmtudaginn 25. ágúst en alls eru 1.590 nemendur skráðir til náms við Háskólann á Akureyri að þessu sinni. Hafa nemendur skólans aldrei verið fleiri, en 1.520 nemendur lögðu stund á nám við skólann síðastliðið haust.

- kk

Sérmerktar akreinar fyrir strætisvagna í Reykjavík:

Akstursbann er ekki enn komið í gildi

SAMGÖNGUR Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætó bs., segir trúlega ekki enn hægt að beita ökumenn viðurlögum sem stelast til að aka eftir nýjum akreinum sérmerktum Strætó í Reykjavík. „En það gerist um leið og lögreglan er búin að auglýsa þetta,“ segir hann og telur þá úrvinnslu hljóta að vera á næsta leið, enda allt annað til reiðu.

Ásgeir segist ekki geta svarað fyrir merkinguna BUS á akreinunum. „Framkvæmdin er á vegum sveitarfélagsins sem á sínum tíma stakk upp á að hafa þetta annars vegar lógóið og hins vegar BUS, svona í samhengi við alþjóðlega staðla.“

Hann útlíokar þó ekki að skammstöfunin gæti líka staðið fyrir „Byggðasamslag um samgöngur.“

Þá segist Ásgeir ekki geta svarað því hvort leigubifreiðum verði heimill akstur á sérmerktu akreinunum líkt og er erlendis og taldi borgaryfirvöld eða lögreglu skera úr um það. „En ég hygg að við myndum nú ekkert amast við því, ef það á annað borð ekki veldur okkur sérstökum tófum. Til sanns vegar má færa að akstur leigubíla flokkist líka undir almenningssamgöngur.“

- óká

MIKLABRAUT Strætó hefur fengið sérmerktar akgreinar í Reykjavík þar sem öðrum bílum á að vera óheimill akstur.



Hinn grunaði sást losa sig við hnífinn eftir árásina

Pilturinn sem var stunginn tvisvar í bakið í miðborginni aðfaranótt sunnudags er á batavegi. Lögreglan segir að fylgst hafi verið með þeim sem grunaður er um árásina í eftirlitsmyndavél. Á myndum sást hvar hann losaði sig við hníf.

LÖGREGLA Átján ára piltur sem stunginn var tvívegis í bakið aðfaranótt sunnudags í miðbæ Reykjavíkur er á batavegi. Hann var fluttur af gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi á Landspítalann við Hringbraut og segir vakthafandi hjúkrunarfræðingur á hjarta- og lungnaskurðdeild að batalíkur séu góðar og allt stefni í að hann muni útskrifast eftir nokkra daga.

Lögreglan í Reykjavík varð í eftirlitsmyndavél við Geirsgötu í Reykjavík vör við að maður sem þar var á gangi var mjög blóðugur á bakinu. Starfsmenn stjórnstöðvar eftirlitsmyndavélanna sendu boð til lögreglumanna í miðbænum um að kannað yrði hvert ástand hans væri en þegar lögreglan hugðist nálgast manninn var veist að henni. Hún komst þó að manninum, sem var undir áhrifum áfengis og hafði ekki fundið fyrir þeim sárnum sem hann hlaut af tilræðinu. Hann var færður á slysadeild, þar sem í ljós kom að lunga hafði fallið saman, og gekkst hann undir aðgerð.

Sautján ára piltur, grunaður um verknadinn, var á sunnudag úrskurðaður í fimm daga gæsluvarðhald.

„Það má segja að það hafi orðið



EFFIRLITSMYNDAVÉLIN VIÐ GEIRSGÖTU Myndavélin þar sem hins blóðuga pilts varð vart. Skömmu síðar voru lögregluþjónar komnir til að huga að meiðslum hans.

Þessum dreng til lífs að hann komst fljótt undir læknishendur,“ segir Ómar Smári Ármannsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni í Reykjavík. „Við fylgdumst með þeim sem grunaður var um þennan verknad í eftirlitsmyndavélunum þangað til

hann var handtekinn og gátum einnig séð hvar hann losaði sig við hnífinn sem hann er grunaður um að hafa stungið piltinn með.“

Ómar Smári segir að í þessu tilfelli hafi gildi eftirlitsmyndavéla enn sannast.

„Afbrotum hefur fækkað eftir

að myndavélarnar komu til sögunnar en þær voru meðal annars settar upp til þess að tryggja öryggi fólks. Fyrst um sinn var mikil gagnrýni á þessar myndavélar en ég held að fólk sjái nú hversu mikilvægar þær eru,“ segir Ómar Smári.

hjalmar@frettabladid.is

Frábært dekurtilboð í gangi

Snyrtistofan Mist ætlar að bjóða ykkur að verða þáttakendur í mesta og besta dekri haustsins:

Air-brush brúnkumeferð 2000 kr í stað 2900 kr.

Andlitsbað 2 fyrir 1 við kaup á einu kremi: Guinot, Lancomé eða Helena Rubinstein.

Punkturinn yfir í ið er viku frípassi hjá Orkuverinu í Eglishöll.

Þetta tilboð gildir frá 22 ágúst til 22 sept 2005.

Gyða Laufey Kristinsdóttir förðunar- og snyrtifræðingur og starfsfólk Snyrtistofunnar Mist.

Spönginni 23 Grafarvogi, 577-1577

Opnunartímar Snyrtistofunnar Mist eru sem hér segir:

Mán-fös: 10-18

Lau: 10-16


Ath: opið til 20 á miðvikudögum.



VEÐRIÐ Í DAG

Í dag

HAUSTIÐ AÐ KOMA Það má búast við norðaustanátt á Vestfjörðum með einhverjum vindi, en annars verður hæg breytileg átt fram eftir degi. Það eru líkur á einhverri vætu í flestum landshlutum, sist þó suðaustanlands. Það bætir svo í vind þegar líður á daginn og má reikna með strekkingsvindi víða undir kvöldið. Svona verður þetta fram eftir vikunni, stífar norðlægar áttir og væta fyrir norðan, en á morgun léttir til syðra fram á föstudag. Nú er haust í kortunum, veður fer kólnandi og haustlægoirnar farnar að skauta yfir landið. Líklega er sumarið á enda þótt dagatalið segi annað.




Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	21°C sk.m.köflum	Algarve	29°C sk.m.köflum	Róm	24°C sk.m.köflum
Oslo	17°C rigning	Mallorca	25°C sk.m.köflum	Alicante	29°C sk.m.köflum
London	21°C sk.m.köflum	Krit/Chania	30°C heiðskirt	Kýpur	33°C heiðskirt
Paris	21°C skýjað	Barcelona	27°C sk.m.köflum	Rimini	22°C sk.m.köflum


Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Á morgun



Stíf norðaustanátt, jafnvel allhvasst SA-lands. Lítilsháttar væta N-lands.

Fimmtudagur



Stíf norðanátt, rigning norðanlands annars bjartviðri. Kólnandi veður.

Kannastu við tilfinninguna að fá hærri einkunn á prófi en þú reiknaðir með?

Það er eins og að fá meiri bíl en maður borgar fyrir og Medion fartölvu í kaupauka.

Á Skóladögum hjá Betri notuðum bílum getur þú valið um **100 bíla** á aldeilis frábærum tilboðskjörum. Nú er tækifærið til að hífa upp mætinguna í skólann í vetur. Komdu og kynntu þér málið. Þeir fyrstu verða ekki síðastir.



ÍSLENSKA AUGUSTINGASTOFNAN/ISLAIS TOY 2020S 08/2005

Í samstarfi við



100% fjármögnun á notuðum bílum.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Áhyggjalaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.

Toyota
Nýbýlavegi 4
KÓPAVOGUR
Sími 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
AKUREYRI
Sími: 460-4300

Bífreiðaverkstæði Borgþórs
Miðási 2
EGILSSTAÐIR
Sími: 471-2660

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
REYKJANESBÆR
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fosnesi 14
SELFÖSS
Sími: 480-8000



KJÖRKASSINN

Var Menningarnótt vel heppnuð?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is	
Já	59%
Nei	41%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er FH-liðið besta fótboltalið Íslandssögunnar?

Farðu inn á fréttahluta **visir.is** og segðu þína skoðun





SAMKOMUHÚSIÐ Skoðunarmenn Frumherja töldu gamlan ljósabúnað á sviði Samkomuhússins varhugaverðan og því verður hann endurnýjaður.

Húsnæði Leikfélags Akureyrar:

Athugasemdir við rafmagn

ÖRYGGI Stjórn fasteigna Akureyrar-bæjar hefur samþykkt að ráðist verði í endurbætur á gömlum ljósabúnaði á sviði Samkomuhússins á Akureyri í kjölfar athugasemda frá Frumherja skoðunarstofu. Áætlaður kostnaður er 1,5 milljón króna og segir Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar, að áhorfendur verði ekki varir við breytingarnar heldur sé eingöngu um öryggismál að ræða er snúi að starfsmönnum hússins. „Engar athugasemdir voru gerðar við frágang rafmagns í húsinu að öðru leyti,“ segir Magnús.

Taílenskt grænmeti:

Innflutningsbann skolið á

HEILBRIGÐISMÁL Umhverfissráðuneytið hefur tímabundið bannað innflutning á ákveðnum tegundum fersks og frosin grænmetis frá Taílandi. Um er að ræða nokkrar ferskar kryddjurtir, bananalauf, bambuslauf, rætur og aspas. Ákvörðunin kemur í kjölfar salmonellumengunar í vörum. „Innflutningur á þessum vörum er þó heimill ef innflytjandi framvisar vottorði frá viðurkenndri rannsóknastofu til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi ekki salmonella og að örveruástand hennar sé að öðru leyti ásætlanlegt,“ segir í tilkynningu umhverfissráðuneytisins.





90,9

ALLT & SUMT
Með Hallgrími Thorsteinssyni, Helgu Völu Helgadóttur og Helga Seljan.
Á Talstöðinni alla virka daga kl. 15.

Sameining nýu sveitarfélaga við Eyjafjörð: Sveitarstjórnarmönnum fækkar úr 65 í fimmtán

KOSNINGAR Verði sameining nýu sveitarfélaga við Eyjafjörð samþykkt í sameiningarkosningunum 8. október næstkomandi mun sveitarstjórnarmönnum á svæðinu fækka úr 65 í fimmtán. Í stað átta bæjar- og sveitarstjóra, auk eins starfandi oddvita, verður einn bæjarstjóri og nefndarsætur mun fækka um hálft fjórða hundrað. Töluverður fjárhagslegur ávinningur verður af fækkun kjörinna fulltrúa og fækkun nefndarsæta. Þó segir í skýrslu vinnuhóps um stjórn-sýslu í sameinuðu sveitarfélagi

að fjarlægð milli íbúa og yfir-stjórnar muni aukast, bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu, og það geti skapað lýðræðishalla. Því sé nauðsynlegt að grípa til ráðstafana til að mæta auknum kröfum almennings um samráð og íbúalýðræði. Vinnuhópurinn leggur til ýmsar leiðir til að ná fram íbúalýðræði og gagnvirkum samskiptum og í því sambandi er meðal annars lögð áhersla á að nýtt sveitarfélag notfæri sér tækninýjungar til rafrænna samskipta.



FRÁ AKUREYRI Sameinist nýu sveitarfélög við Eyjafjörð verða íbúar nýs sveitarfélags um 23 þúsund talsins og ríflega 70 prósent þeirra munu búa á Akureyri.

- kk

Fræðimenn sinna ekki rannsókna skyldu

Ný úttekt leiðir í ljós að fjórðungur fræðimanna sem er í fullu starfi við Háskóla Íslands er nánast óvirkur í rannsóknum. Höfundur úttektarinnar telur ekki tiltökumál að setja kröfur um lágmarksafköst þessara starfsmanna.

RANNSÓKNIR Fjórðungur fræðimanna í fullu starfi við Háskóla Íslands er nánast óvirkur í rannsóknum. Þetta kemur fram í úttekt um gæði rannsókna við skólann. Launakerfi fræðimanna er afkastahvetjandi og þeir hafa skyldu til að verja 43 prósentum af tíma sínum til rannsókna en engar lágmarkskröfur eru gerðar um árangur. Elstu og yngstu fræðimennirnir eru síst virkir, en þeir síðarnefndu hófu margir hverjir störf meðan minni áhersla var lögð á rannsóknir. „Skólinn er með afar gott kerfi til að meta árangur í fræðastörfum,“ segir Inga Dóra Sigfúsdóttir, sem er doktor í félagsfræði við Háskólann í Reykjavík og aðalhöfundur úttektarinnar. „Það á vera auðvelt að setja kröfur um lágmarksafköst,“ segir Inga Dóra. Hún getur ekki séð að það séu kennsla eða stjórnunarstörf fræðimanna sem taki tíma frá rannsóknum. „Þvert á móti. Þeir sem eru virkir í stjórnun og kennslu virðast oft vera með þeim virkustu í rannsóknum.“ Í skýrslunni er bent á fjölda-mörg fleiri atriði og ýmsar ábendingar og hugmyndir settar fram. „Það þarf að taka allt fjárveitingakerfi til rannsókna í háskólastarfi til endurskoðunar,“ segir Inga Dóra. Fastar fjárveitingar sem háskólinn fær til rannsókna taka ekki mið af árangri. „Það vantar hvata fyrir stofnanir til að ná árangri í rannsóknum.“ Hún telur of mikið af rannsóknarfé eyrnamerkt stofnunum eða



HÁSKÓLI ÍSLANDS Skýrsluhöfundur telur að taka þurfi fjárveitingakerfi til rannsókna í háskólastarfi til endurskoðunar.

verkefnum og segir að frekar ætti að notast við samkeppnissjóði. Í úttektinni er lagt til að komið verði á einum rannsóknarsjóði fyrir alla háskóla, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga þar sem úthlutað yrði eftir gæðum rannsókna og frammistöðu umsækjenda. „Samkeppni er holl og heilbrigð og kemur vísindastofn-

unum og samfélaginu til góða. Við eigum að tryggja það að Háskólinn geti tekið þátt í henni. Háskólar ættu almennt að fá góða grunnfjármögnun frá ríkinu, en rannsóknarfjármagn umfram hana ætti fyrst og fremst að koma úr slíkum samkeppnissjóðum.“ Ekki náðist í Kristínu Ingólfsdóttur rektor.

grs@frettabladid.is

F-listinn ályktar um flugvallarmálið:

Ber að athuga flugvöll á Lönguskerjum

SAMGÖNGUR „Við teljum að það sé hagsmunamál jafnt fyrir landsbyggðina og höfuðborgarsvæðið að það sé flugvöllur á höfuðborgarsvæðinu og við erum því alfarið á móti því að flytja hann til Keflavíkur,“ segir Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi F-listans, um framtíð Reykjavíkurflugvallar.



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON Borgarfulltrúi F-listans.

Honum finnst koma til greina að byggja nýjan flugvöll á landfyllingu á Lönguskerjum. „Hingað til hefur sjávarselta og sjávargangur verið talin hindrun fyrir flugvöll á Löngu-

skerjum en ef svo er ekki væri af því mikill ávinningur að flytja völinn þangað. Af því hlýst annars vegar að flug yfir miðborginni leggst af og svo verður til byggingarsvæði í Vatnsmýrinni. En þetta þarf að hugsa í samhengi við vegsamgöngur því það þurfa að fara saman samgöngur í lofti og á láði. Þannig kallar byggð í Vatnsmýri á veltengingu til suðurs yfir Skerjafjörð sem líta mætti á sem nokkurs konar Sundabraut til suðurs,“ segir Ólafur.

Svínapest í Kína: Hafa náð tökum á sjúkdómnum

KÍNA Yfirvöld í Kína segjast hafa náð stjórn á sjúkdómi sem dregið hefur 38 til dauða í suðvesturhluta landsins. Sjúkdómurinn, sem barst frá svínunum, olli nokkrum heilabrotum þegar hann kom fyrst fram. Talið er að baktería af streptókokkakætt hafi orsakað sýkingarnar en fyrir utan þá sem létust sýktust um 200 af bakteríunni. Í öllum tilfellum var hægt að rekja sjúkdóminn til þess að fólk hafði umgengist veik svín eða hrátt svínakjöt. Ekkert dæmi er um að veikin hafi borist á milli manna.

- sgi



MINNIST STRÍÐSLOKA Karl Bretaprinns leggur blómsveig við minnismerki um lok síðari heimsstyrjaldar í Whitehall í Lundúnum.

Minningarathöfn í Lundúnum:

Minntist loka heimsstyrjaldar

MINNINGARATHÖFN Karl Bretaprinns fór í fyrradag fyrir hátíðlegri athöfn til að minnst þess að sextíu ár eru liðin frá því að Japan gafst upp í síðari heimsstyrjöldinni en það markaði einnig lok hennar. Athöfnin var tileinkuð þeim hermönnum sem börðust fyrir hönd Breta í Austurlöndum fjær. Hundruð uppgjafarhermanna fylgdust með þegar Karl lagði blómsveig að minnismerki um stríðslokinn í miðborg Lundúna. Um þrjátíu þúsund breskir hermenn létust í átökum í Austurlöndum fjær í síðari heimsstyrjöldinni og um hundrað þúsund til viðbótar í fangabúðum.

- sgi



Á SLYSSTAÐ Á REYKJANESBRAUT Blautur vegurinn var talinn hafa leitt til þess að ökumaður annars bílsins missti stjórn á honum.

Árekstur á Reykjanesbraut:

Stjórnlaus á blautum vegi

LÖGREGLA Mildri þykir að fólk slapp lítið meitt eftir harðan árekstur fólksbíls og jeppa á Reykjanesbraut nokkru fyrir klukkan þrjú síðdegis í gær. Fólksbífreiðin fór nánast í tvennt við áreksturinn. Bílnum ók ung kona og í aftursæti var þrígga mánaða gamalt barn. Lögreglan í Keflavík segir öku-mann jeppans einnig lítið meiddan, en bílarnir eru taldir ónýtir. Nokkrar tafir urðu á umferð vegna slyssins. Lögregla segir öku-mann fólksbífreiðarinnar hafa misst stjórn á henni í bleytu eftir að hafa farið út á vegöxlina framhjá kyrrstæðum bíl sem öku-maður ætlaði að beygja inn á Njarðvíkurveg. Fólksbíllinn lenti þversum framan á jeppanum, sem var á suðurleið.

- óká

HiveLite

NÚNA FÆRÐU 8Mb TENGINGU, 4GB NIÐURHAL,
OG ÞRÁÐLAUST INTERNET Á AÐEINS

3.990

Á MÁNUÐI?*

*M.v. 12 mánaða samning.

Það er ekkert mál að skipta.

Hive.is Grensásvegj 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is





VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvar í Evrópu geisa nú miklir skógareldar?
- 2 Hver sigraði á Íslandsmótinu í skák?
- 3 Hvað er fótboltalið FH með margra stiga forskot á næsta lið?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30



SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR Sigrún sinnir Norðurlandaráði til októberloka.

Dagskrárstjóri Rásar 2:

Sigrún hefur störf í vetur

FJÖLMÍÐLAR Sigrún Stefánsdóttir, sem ráðin var dagskrárstjóri Rásar 2 og forstöðumaður svæðisstöðva Ríkisútvarpsins, tekur ekki til starfa fyrr en í fyrsta lagi 1. nóvember.

Áður en Sigrún hefur störf lýkur hún sínu núverandi starfi og sér um upplýsingastarf fyrir Norðurlandaráðsþing, sem Ísland er nú í formennsku fyrir, en þingið verður haldið í lok október.

Nokkrir fundir eru fyrirhugaðir áður en Sigrún flytur heim frá Danmörku. Fundar hún meðal annars með starfsmönnum Rásar 2 í næstu viku.

DV

MORÐINGINN VAR TIFANDI TÍMASPRENGJA



HAFÐI ÁÐUR STUNGIÐ LEIGU-BÍLSTJÓRA MEÐ HNÍF Í BRJÓSTIÐ

þeirir þegar aðrir þegja!

Góðar undirtektir eldra fólks við atvinnuauglýsingu: Yfir sextíu sóttu um vinnu

ATVINNUMÁL Yfir 60 atvinnum-sóknir hafa borist til Húsasmiðjunnar eftir að fyrirtækið auglýsti eftir eldra fólki með áralanga reynslu úr öllum greinum atvinnulífsins til starfa.

Guðrún Kristinsdóttir, starfsmannastjóri Húsasmiðjunnar, segir að allir umsækjendur verði kallaðir í viðtal á næstu tveimur vikum og síðan verði öllum svarað innan mánaðar.

„Við viljum ekki vera að auglýsa og svo heyri fólkíð ekkert meira frá okkur,“ segir hún. „En viðbrögðin voru svo miklu meiri heldur en við bjuggumst við að það tekur lengri tíma en áætlaður

var til að fara í gegnum umsóknirnar.“

Þessi starfsmannastefna Húsasmiðjunnar hefur mælst vel fyrir, að sögn Guðrúnar. Aðrir vinnuveitendur höfðu haft samband við fyrirtækið til að spyrjast fyrir um hvernig hefði gengið. Þá hefur Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur auglýst eftir starfsfólki á svipuðum forsendum.

„Ég vildi óska að stjórnvöld tækju upp viðræður við Félag eldri borgara um almannatryggingar og alla þá skerðingu sem nú er kveðið á um,“ segir Guðrún. „Þetta er hlutur sem verður að velta upp við fólk þegar það kem-



GUÐRÚN KRISTINSDÓTTIR Guðrún vill gefa lífeyrisþegum svigrúm til þess að afla sér tekna.

ur í viðtal til okkar, þannig að það geri sér grein fyrir stöðu sinni með tilliti til þessa.“ - jss

Sóknarnefnd einróma: Fundarboð í Garðasókn

KIRKJAN Sóknarnefnd Garðasóknar hefur samþykkt einróma að boða til aðalsafnaðarfundar Garðasóknar þriðjudaginn 30. ágúst í safnaðarheimilinu Kirkjuhvöli.

Sóknarnefndin fundaði í gærkvöldi, en í tilkynningu kemur fram að lokið sé erfiðu deilumáli innan sóknarinnar. Lýstu sóknarnefndarmenn því yfir að nauðsynlegt væri að menn „tækju höndum saman um að byggja upp öflugt safnaðarstarf.“

Sóknarnefndin hvetur Garðbæinga til að sækja aðalsafnaðarfundinn. - óká

Óttast um framtíð líknardeildar

Stjórn íbúasamtaka Vesturbæjar Kópavogs vill meiri umræður um fyrirhugaðar breytingar á skipulagi íbúabyggðar á Kársnesi og á Kópavogstúni. Stjórnin vill umsagnarfrest framlengdan fram á haust. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út á morgun. Bærinn segir vel staðið að kynningu.

BÆJARSTJÓRNARMÁL Stjórn Íbúasamtaka Vesturbæjar Kópavogs hefur áhyggjur af breytingum í íbúahlutanum sem Kópavogsbær ætlar að ráðast í. Á aðalfundi samtakanna, sem haldinn verður í Kársnesskóla klukkan átta í kvöld, stendur til að ræða sérstaklega skipulagsmál á Kópavogstúni og í Vesturbæ Kópavogs.

Stjórn íbúasamtakanna segir fyrirhugað er að fjölga íbúum í Vesturbænum um 3.000 manns og leggja af stóran hluta atvinnustarfsemi á Kársnesinu og hvarmar hversu litlar umræður hafi orðið um fyrirætlanir bæjarins. Pétur Eysteinnsson, formaður íbúasamtakanna, segir áherslu verða lagða á að fá framlengdan umsagnarfrest fram yfir fyrirhugað íbúabýing í bænum í haust. „Þannig geta íbúarnir fengið að tjá sig um þetta á eðlilegan hátt,“ segir hann og telur auglýsingatíma frá seinni hluta júlí og fram í seinni hluta þessa mánaðar ekki vera nægan. Frestur til að skila inn athugasemdum vegna skipulagsins rennur út á morgun. „Svona stórt mál þar sem gjörbreytt er öllum umferðarstefnum um bæinn og fjarlægð jafnmikil starfsemi og er hjá Landspítalanum þarna niður frá og nýbúið að ákveða bryggju-



LÍKNARDEILD LANDSPÍTALA - HÁSKÓLASJÚKRAHÚSS Í KÓPAVOGI Íbúar í Kópavogi óttast sumir hverjir um framtíð líknardeildar Landspítalans á Kópavogstúni ef til framkvæmda koma fyrirhugaðar breytingar á skipulagi svæðisins. Íbúasamtök Vesturbæjar Kópavogs kalla eftir meiri umræðu um þessar breytingar og fleiri í bænum.

hverfi kallar eiginlega á að fólk fái að ræða og melta þessa hluti betur. Það er frumkrafan að meiri tími fáið til að ræða hlutina.“ Pétur segir marga uggandi um framtíð líknardeildar Landspítalans og telur skritið að bærinn hafi forystu um flutning þeirrar starfsemi frá Kópavogstúni.

Gunnsteinn Sigurðsson, formaður skipulagsnefndar Kópavogsbæjar, vísar gagnrýni íbúasamtakanna á bug og segir auglýsingaferli vegna skipulagsins samkvæmt bæði lögum og venjum.



GUNNSTEINN SIGURÐSSON „Til viðbótar var svo skipulag við Kópavogstúni tekið til sérstakrar kynningar fyrir rúmu ári síðan, áður en það var fullunnið. Við

höfum farið þá leið að funda með íbúum áður en breytingar eru auglýstar formlega,“ segir hann og telur vel hafa verið staðið að kynningu hugmynda að skipulagsbreytingum. „Það má alltaf deila um alla hluti en okkar markmið hefur verið að halda íbúunum vel upplýstum.“ Þá segir Gunnsteinn skipulagshugmyndina á Kópavogstúni gera ráð fyrir að mörg húsanna sem þar eru fyrir geti staðið áfram. „Það er ekkert verið að hrekja Landspítalann í burtu.“ olikr@frettabladid.is

Aron Pálmi bíður eftir ákvörðun ríkisstjóra Texas um frelsi: Stundar nám og heilsurækt

RETTINDABARÁTTA Aron Pálmi Ágústsson, sem dvelur í stofufangelsi í Texas í Bandaríkjunum, fékk fyrir helgi leyfi fangelsis-yfirvalda til að stunda nám og heilsurækt í bænum Beaumont þar sem hann dvelur.

Aron Pálmi hefur undanfarin tvö og hálft ár verið í stofufangelsi og haft takmarkað frelsi til athafna hins daglega lífs. Hann hefur óskað eftir því við yfirvöld í Texas að fá að halda til Íslands og ljúka afplánun þar.

Hann hefur nú hafið nám í menntaskóla og fær að dvelja í skólanum frá því snemma á morgnana til sjö á kvöldin. Hann hefur netsamband og sitt eigið netfang. Þá hefur hann aðgang að sundlaug og tækjasal.

Í tilkynningu frá RJF-hópnum, sem berst fyrir heimkomu Arons Pálma, segir að sex vikur séu nú



ARON PÁLMI Bíður eftir ákvörðun ríkisstjóra Texas um lausn úr stofufangelsi. frá því að svörum var heitið frá ríkisstjóraembætti Texas og ákvörðunar ríkisstjórans ætti því að vera vænta hvað úr hverju. - hb

ÚTSALA

Parquet með **20-50%** afslætti

Gegnheilt parquet frá 1.990 kr. m²

Plankaparket, olíuborið frá 3.900 kr. m²

Spónlagt parquet frá 2.390 kr. m²

Náttúrusteinn með 25% afslætti

Rýmingarsala á þiljum, frá 600 kr. m²

Útihurðir með 15% afslætti



Flott fyrir þig!

Dalvegí 18 Kópavogi, sími: 564 3500 www.parki.is

Parki
INTERIORS



PÁFINN Á HEIMLEIÐ Benedikt XVI páfi situr um borð í flugvél á leið heim til Vatíkansins eftir heimsókn til heimalands síns, Þýskalands. Meira en milljón manns komu saman í Köln til þess að hlýða á messu páfa á sunnudag.

Hollendingar óttast fuglaflensusmit frá Rússlandi: Loka alla hænsnfugla inni

FUGLAFLENSA Yfirvöld í Hollandi ætla að leggja bann við því að bændur hafi hænsnfugla sína utandyra, í því skyni að sporna gegn útbreiðslu á fuglaflensu.

Óttast er að hollensk hænsni smitist af fuglaflensu komist þeir í snertingu við farfugla frá Rússlandi þar sem vart hefur orðið við vírusinn, að því er skýrt er frá á fréttavef BBC.

Sérfræðingar Evrópusambandsins í dýralækningum hittast í vikunni til að ræða úrræði Hollendinga. Þjóðverjar hafa lýst því yfir að þeir hyggi á viðlíka viðbrögð.

Frá og með gærdeginum eru því fimm milljónir hænsna, sem



HÆNUR Í HÚSI Hænur í Hollandi fá ekki lengur að valsa um utanhúss því yfirvöld hafa skyldað kjúklingabændur til að loka fugla sína inni í von um að sporna gegn fuglaflensusmiti.

áður fengu að valsa um úti, komnar undir þak ásamt þeim áttatíu milljónum fugla sem áður voru geymdar í búri.

Hollendingar eru einn stærsti

útflýtyjandi kjöts í heiminum. Fyrir tveimur árum þurfti að slátra um fjórðungi allra hænsna í landinu eftir að fuglaflensa kom þar upp.

- sda

Kaþólska kirkjan á Spáni:

Fyrsti kvænti presturinn

SPÁNN Kaþólski biskupinn á spænsku eyjunni Tenerife hefur skipað kvæntan, tveggja barna föður í embætti prests á eyjunni. Þetta er í fyrsta sinn sem giftum manni er veitt prests-embætti á Spáni og sagði biskupinn að skipunin væri algjör undantekning innan spænsku kirkjunnar.

Samkvæmt reglum kirkjunnar ber prestum að stunda skírlífi. Páfinn veitti undantekningu fyrir ráðningunni sem er ekki sögð marka stefnubreytingu hjá kaþólsku kirkjunni um skírlífi presta. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

BORVÉLUM OG SÖGUM STOLIÐ ÚR VINNUSKÚR Brotist var inn í vinnuskúr á Lindargötu í fyrrinótt. Þjófarnir höfðu á brott með sér borvélar og sagir. Skúrinn er í eigu verk-taka sem vinna við nýbygg-ingar á svæðinu. Ekki er vitað hverjir voru að verki, að sögn lögreglu í Reykjavík.

TVÖ UMFERÐARÓHÖPP Á SAMA STAÐ Tveir bílar ultu á nær sama stað á Þverárfjallsvegi á Skagaheiði, milli Blönduóss og Saudárkróks, um helgina. Minniháttar meiðsl urðu á fólki. Í öðru óhappinu voru tveir erlendir ferðamenn í bílnum og í hinu þrír Íslendingar. Óhöppin urðu að sögn lögreglu vegna þess að ökumenn bifreiðanna misstu stjórn á þeim er farið var frá malbiki yfir á malarveg.

VELTU BÍL Á MÖÐRUDALS-ÖRÆFUM Tveir erlendir ferðamenn sluppu með skrekkinn þegar þeir veltu bílaleigu-bíl á Háreksstaðaleið á Möðrudalsöræfum í fyrradag. Bíla-leigubíllinn skemmdist umtalsvert en talið er að öku-maðurinn hafi misst stjórn á bílnum í lausamöl.

Eldar ógna borg í Portúgal

Hundrað þúsund manna borg er í hættu vegna skógarelda sem geisa í nágrenni hennar og ríkisstjórnin hefur beðið nágrennaþjóðir um hjálp.

SKÓGARELÐAR Illa hefur gengið að ráða niðurlögum skógareldanna í Portúgal og sendi ríkisstjórn landsins út hjálparbeiðni til nágrannaþjóða sinna um helgina. Nokkrar Evrópuþjóðir hafa þegar brugðist við ákallinu og sendu Frakkar og Spánverjar hvorir um sig tvær flugvélar til Portúgal, sem nota má til slökkvistarfa. Ítalir sendu eina vél í gær. Þjóðverjar hafa sagst munu senda þrjár lögregluþyrlur með sérfræðingum sem aðstoða eigi portúgalska slökkviliðsmenn.

Alls berjast 2.700 slökkviliðsmenn við eldana sem geisa á 27 stöðum víðs vegar um Portúgal. Fimmtán manns hafa látið lífið og 140 þúsund hektarar lands orðið eldinum að bráð. Mið- og norðurhluti Portúgal hafa orðið verst úti í eldunum og hefur þurft að rýma fjölda þorpa. Alvarlegustu skógar-

eldarnir um helgina voru í Coimbra héraði tæplega 200 kílómetra norður af höfuðborginni Lissabon. Skógareldarnir nálgast nú stærstu borgar héraðsins úr tveimur áttum og þegar hafa yfir tíu hús skemmt í úthverfi borgarinnar. Nokkur hverfi hafa verið rýmd, en íbúar eru um 100 þúsund og er borgin hin þriðja stærsta í Portúgal. Reykur og eldtungur sjást alla leið til Lissabon.

Mestu þurrkar frá upphafi mælinga eru nú í Portúgal og gífurlegir hitar hafa verið að undanfögnu. Miklir vindar blésu að nýju í glæður skógareldanna um helgina sem slökktir höfðu verið um miðja síðustu viku. Skilyrði til slökkvistarfa næstu daga eru erfið því áfram er spáð miklum hita og roki fram á miðvikudag þegar vonast er eftir úrkomu.

sda@frettabladid.is



BARIST VIÐ SKÓGARELDA Í PORTÚGAL Kona reynir að slökkva skógareld með vatni úr fötu nálægt borginni Coimbra, 200 kílómetrum norður af Lissabon. Skógareldar nálgast borgina úr tveimur áttum og þegar hafa 10 hús í útjaðri hennar brunnið. Borgin er hin þriðja stærsta í Portúgal, með 100 þúsund íbúa.



AÚ &

Anna & útlitið

The Academy of Colour and Style

ALÞJÓÐLEGT NÁM Í ÚTLITSRÁÐGJÖF

ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI

The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í lönskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-21.

Anna F. Gunnarsdóttir

Stundaskrá

1. Önn

Litgreining
Förðun út frá litgreiningu
Litasamsetning

2. Önn

Fatastíll
Fatasamsetning
Textill

Starfsmöguleikar:
Innkaupastjóri
Útlitsráðgjafi
Stílisti
Verslunarstjóri

Kristín, ráðgjafi

Ég hef mikin áhuga á að starfa með fólki, veita ráðgjöf varðandi fatnað, líti og förðun sem hentar hverjum og einum. Mér finnst námið bæði lífandi og skemmtilegt sem einnig hefur opnað margar dyr til frekari náms á þessu sviði.

Birna, verslunareigandi - Stílistinn

Það hefur alltaf verið draumur hjá mér að stofna verslun með fatnað. Námið gaf mér það sjálfstraust sem ég þurfti til að fara út í reksturinn. Einnig nýti ég námið til þess að ráðleggja viðskiptavinum mínum hvaða snið og litir hentar þeim í val á fatnaði.

Ragnheiður, ráðgjafi

Ég hef alltaf haft áhuga á tisku og útliti. Námið opnaði mér nýja sýn á þetta áhugamál mitt. Auk þess er það mér mikils virði í tengslum við starf mitt.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

INNRIÐUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN

Íslandsbanki spáir frekari hækkun íbúðaverðs:

Hækkar fram á næsta ár

HÚSNÆÐISMARKAÐUR Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkar enn þótt veltan sé minni en undanfarið. Alls hækkadi verðið um 3,4 prósent í júlí. Þetta kom fram í morgunkornum Íslandsbanka í gær. Einbýlishús og raðhús hækk-uðu mest, eða um 3,9 prósent.


Þá er því spáð að íbúðaverð haldi áfram að hækka fram á næsta ár, þrátt fyrir að nýbyggingum sé að fjölga og framboð að aukast.

„Íbúðaverð hefur hækkað um tæp 40% á sama tíma og bygging-

arkostnaður hefur hækkað um tæp 4%. Hagur byggingaraðila hefur því vænkast umtalsvert á skömmum tíma, sem kallar á auk-ið framboð,“ segir Ingvar Arnar-son, sérfræðingur hjá greiningar-deild Íslandsbanka. „Framboð af íbúðum er vaxandi um þessar mundir en það er fremur hæpið að það leiði til mikillar lækkunar á íbúðaverði. Þvert á móti teljum við að íbúðaverð muni áfram hækka fram á næsta ár. Þá gæti tekið við stöðnun og lækkun að raunvirði,“ segir Ingvar.

- grs

NÝBYGGING Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU Nokkuð hefur verið um nýbyggingar á höfuðborgarsvæðinu undanfarið, en greiningardeild Íslandsbanka telur þær ekki leiða til lækkunar íbúðaverðs á þessu ári.



USS!

Þú þarft ekkert að tala frekar en þú vilt, því með USS!-kortinu getur þú sent 30 SMS og 30 Myndskilaboð á dag, innan kerfis Og Vodafone, án þess að borga krónu fyrir þau aukalega. Ef þú verður að tala duga 1.990 kr lengi, lengi, lengi, lengi. Kortið gildir í 30 daga.

USS!

ÞÚ ÞARFT EKKERT AÐ TALA FREKAR EN ÞÚ VILT



SMS: 0 KR.
MYNDSKILABOÐ: 0 KR.
1.990 KR. INNEIGN



Heyrumst!

...bara á flugfelag.is

24. - 30. ágúst

Milli Reykjavíkur og

AKUREYRAR

4.999 kr.

Verð miðast við flug aðra leiðina. Bara á www.flugfelag.is Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og

BÍLDUDALS

4.999 kr.

Milli Reykjavíkur og

EGILSSTAÐA

5.699 kr.

Milli Reykjavíkur og

SAUÐÁRKRÓKS

4.999 kr.

Milli Reykjavíkur og

ÍSAFJARÐAR

4.799 kr.

Milli Reykjavíkur og

GJÖGURS

4.999 kr.

Milli Reykjavíkur og

HORNAFJARÐAR

5.899 kr.

Milli Akureyrar og

GRÍMSEYJAR

3.499 kr.

Milli Reykjavíkur og

VESTMANNAEYJA

4.399 kr.

Milli Akureyrar og

VOPNAFJARÐAR/ÞÓRSHAFNAR

4.499 kr.

flugfelag.is

Par í Ohio í Bandaríkjunum á yfir höfði sér þrjátíu ára dóm verði það sakfelld:

Hugðust selja stúlku fyrir eiturlyf

BANDARÍKIN Bandaríska alríkis-lögreglan, FBI, hefur komið upp um par í Ohio-ríki sem ætlaði að selja fimmtán ára stúlku í skiptum fyrir pakka af krakki. Nota átti stúlkuna í vændi.

Parið keyrði um hundrað kílómetra leið frá heimili sínu til að afhenda stúlkuna eiturlyfjasala í Pittsburgh í Pennsylvaníu. Parið, sem er á fimmtugsaldri, var handtekið í bíl sínum í Pittsburgh snemma morguns á þriðjudag í síðustu viku. Fórnarlambið fannst einnig í bílnum, og auk hennar þrettán ára stúlka. Parið hafði þegar misnotað báðar stúlkurnar kynferðislega.



UNGLINGSSTÚLKUR Í VÆNDI Í BANDARÍKJUNUM Par í Ohio í Bandaríkjunum er nú fyrir rétti fyrir áform um að selja fimmtán ára stúlku í vændi í skiptum fyrir skammt af krakki.

Stúlkurnar höfðu báðar hlaupist að heiman, önnur hafði strokið úr unglingafangelsi í Ohio.

Þeim atvinnurekendum fer nú fjölgandi sem sækjast eftir vinnukrafti fólks sem komið er yfir miðjan aldur. Um fyrri helgi auglýsti Húsasmiðjan eftir eldra fólki til afgreiðslustarfa og var sérstaklega vísað til þess að sóst væri eftir reynslu þess. Á sunnudaginn síðasta var í auglýsingu frá Íþrótt- og tómstundasviði Reykjavíkur spurt: „Ertu á besta aldri? Viltu miðla af reynslu þinni til unga fólksins? Manstu gömlu góðu leikina eða kanntu sniðugar sögur?“ Í boði eru störf á frístundaheimilum borgarinnar og sveigjanlegur vinnutími allt niður í nokkrar stundir á viku. Einnig hafa bæði formaður menntaráðs og sviðstjóri Menntasviðs borgarinnar látið hafa eftir sér að til greina komi að ráða eldri borgara til starfa á leikskólum en þar er mikil mannekla eins og títt er á haustin.

Atvinnuþátttaka fólks sem komið er yfir miðjan aldur er ekki bara mikilvægur valkostur fyrir hvern og einn sem í hlut á. Breið aldursdreifing á vinnustöðum er yfirleitt til mikilla bóta.

Eftirspurn eftir starfskröftum eldri borgara er ein birtingarmynd þeirrar þenslu sem ríkir á vinnumarkaði, mun fleiri störf eru nú í boði en unnt virðist vera að manna með því vinnuafli sem hefur verið virkt á markaðinum. En það er ekki bara þenslan sem leiðir þetta af sér heldur ákveðin viðhorfsbreyting sem á sér ekki bara stað hér á landi heldur einnig í löndum í kringum okkur. Sú æskudýrkun sem lengi hefur loðað við vinnumarkaðinn virðist að einhverju leyti vera á undanhaldi. Þegar kemur að störfum þar sem reynsla og áhugi fyrir starfinu eru grundvallaratriði, frekar en menntun, virðist í vaxandi mæli vera sóst eftir eldra fólki til starfa, eða “gráa gullinu” eins og þessi hópur er stundum kallaður. Vissulega eru ekki há laun í boði en í fréttaskýringu í Fréttablaðinu í vikunni kom þó fram að hjá Húsasmiðjunni, þar sem þegar hefur talsvert verið ráðið af eldri borgurum til afgreiðslustarfa, eru þeim ekki greidd lágmarkslaun heldur umfram þau.

Atvinnuþátttaka fólks sem komið er yfir miðjan aldur er ekki bara mikilvægur valkostur fyrir hvern og einn sem í hlut á. Breið aldursdreifing á vinnustöðum er yfirleitt til mikilla bóta. Starfs-umhverfið verður fjölbreytilegra, meira krefjandi og skemmtilegra en þar sem einsleitur aldurshópur starfar. Þetta ætti að skila sér í betri starfsanda og um leið skilvirkari vinnu.

Mikilvægt er að eldri borgarar geti tekið þátt í atvinnulífinu. Því þarf skatta-, eftirlauna- og lífeyrisumhverfið að vera þannig að aðlaðandi sé fyrir þennan hóp að fara út á vinnumarkaðinn. Fram kom í fréttum um daginn að Danir væru að laga sína löggjöf að þessu breytta viðhorfi og það þarf einnig að gera hér. Gæta þarf þess um leið að skerða á engan hátt grundvallarréttindi fólks til lífeyris.

Frelsið til að velja er mikilvægt. Það skiptir miklu fyrir sjálfsmynd fólks sem vill vinna að fá að vinna. Ekki má þó heldur gleyma því að fjölmargir sem unnið hafa mislanga starfsævi hafa enga þörf fyrir að taka þátt í atvinnulífinu eftir að eftirlaunaldri er náð og eiga sinn rétt til að taka sín eftirlaun og lífeyri án þess að samfélagið geri kröfu um atvinnuþátttöku þess. Mæta þarf þörfum beggja þessara hópa.

Lofthitinn eykst

„Veðurfarsbreytingar síðari ára hafa sýnt að lofthitinn hefur farið vaxandi á öllu meginlandi jarðar... Mest hefur hitaaukningin orðið í nyrstu löndum Evrópu og á pólarssvæðinu. ... Sá hluti golfstraumsins sem fellur milli Noregs og Írsku hafsins hafa og sýnt svipaða niðurstöðu. Það er því staðreynd að golfstraumurinn hefur flutt með sér meiri hita á seinustu árum en áður og þess vegna hefur vetrarveður áttan hlýnað í Norður-Evrópu.“



Margvísleg áhrif

Ofangreint eru glefsur úr athyglisverðri grein sem ber yfirskriftina „Loftslagsbreyting síðari ára og áhrif hennar“. Enn skal vitnað í greinina: „Hitaaukningin í loftinu og sjónum hefur margvísleg áhrif, einkum í íshafslöndunum. Jöklarnir minnka og rekisinn berst skemmra suður. Fírdi og ár brýtur upp fyrr á vorin og leggur síðar á haustin. ... Fuglarnir byrja að verpa fyrr á vorin og sumir þeirra sem fóru til suðlægar landa á haustin dvelja nú allan ársins hring á norðurslóðum. Ýmis dýr sem ekki hafa getað hafst við í íshafslöndunum hafa þrífist þar á síðari árum. ... Grasvöxtur byrjar fyrr en áður, skógróðurinn hefur færst norðar og korn er nú ræktað á ýmsum stöðum þar

sem ekki var viðlit að rækta það áður“.

Mesta breytingin

Höfundur greinarinnar segir að fullyrða megi að aukning lofthitans síðari árin sé mesta loftslagsbreytingin sem dæmi séu til um síðan veðurfarsrannsóknir hófust og að hún hafi mjög þýðingarmiklar afleiðingar fyrir atvinnulífið, fiskveiðar, dýraveiðar, landbúnað og skógarhögg. Eitthvað hljómar þetta nú allt kunnuglega. Er þetta kannski tilvitnun í Fréttablaðið í gær? Ekki er það nú. Þetta er forsiðurétt sem birtist í Tímanum fyrir sextíu og sex árum, 29. apríl árið 1939. Ekkert er nýtt undir sólinni.

gm@frettabladid.is

Í skólanum er skemmtilegt að vera

Þá er skólastarf hafið á nýjan leik. Sumarleyfum er lokið og fram undan er nám og starf í skólunum fram á vor. Fyrstu skóladögunum fylgir gleði, eftirvænting, spenna, tilhlökkun og jafnvel kvíði. Fram undan er mikilvægt verkefni, að fræðast og þroskast í leik og í starfi. Nám er ein af grunnþörfum mannsins. Við höfum sífellda þörf fyrir að læra eitthvað nýtt, takast á við ný verkefni og víkka sjóndeildarhring okkar. Það er hins vegar misjafnt hvernig til tekst. Á Íslandi teljum við það sjálfsagt að allir læri að lesa og skrifa en svo er ekki alls staðar í heiminum. Börn sem ekki fá tækifæri til að læra og mennta sig þrá fátt jafn mikið enda vita þau sem er að þekking er forsenda árangurs.

Þekking er viðtækt hugtak. Það er okkur öllum nauðsynlegt að kunna að næra okkur og hirta og takast á við ólíkar aðstæður. Kannski er það síðastnefnda enn mikilvægara á Íslandi en víða annars staðar. Við búum við óblíð náttúruöfl. Yfir okkur vofir ógn eldgosa, jarðskjálfta og flóða auk snjóflóða og erfiðs veðurfars. Ef við eigum að geta búið í þessu landi óttalaus verðum við að kunna að takast á við þær aðstæður sem búast má við. Þess vegna er kannski til dæmis mikilvægara að íslensk börn læri jarðfræði en jafnaldrar þeirra víða annars staðar í heiminum. Hekla gýs nokkuð reglulega og Katla er vöktuð eins og kona sem komin er með hríðir. Land skelfur jafnt og þétt og talað er um að búast megi við öðrum Suðurlandsskjálfta, eldgosum á Reykjanesi og svo mætti áfram telja.

Það er löngu þekkt staðreynd að vanþekking elur á ótta. Við óttumst frekar það sem við þekkjum ekki né skiljum en síður það sem við þekkjum vel.

Í DAG

SKÓLINN BYRJAR

INGA RÓSA
ÞÓRDARDÓTTIR



Við þurfum að kunna að ganga í hrauni og móum, vaða læk og ár og ganga brattar brekkur, jafnt upp sem niður. Þetta kann ekki sá sem ekki fær tækifæri til að spreyta sig. Sá sem aldrei hefur fengið að sula í á kann ekki að vaða hana. Sá sem alltaf gengur á malbiki er í stökum vandræðum þegar út af því er komið.

Ef við höfum lært um eðli eldfjalla, hvernig þau haga sér, hvenær búast má við eldgosum, hvað gerist í eldgosum og hvað þarf að varast erum við reiðubúin þegar þar að kemur. Þá vitum við að ekkert er að óttast, við höfum tök á aðstæðum og kunnum að bregðast við. Við þurfum að kenna börnunum okkar að skilja og þekkja landið og náttúru þess, lifa með ógnum hennar og nýta gæði hennar. Vonandi hafa foreldrar haft tækifæri til að vera á faraldsfæti með börnunum sínum um

landið í sumar, kenna þeim að þekkja blóm og fugla og þessa dagana er sjálfsagt að drífa sig í berjamó. Allt er þetta hluti af því að þekkja umhverfi sitt. Við þurfum að kunna að klæða okkur miðað við aðstæður, hafa skjólgóðan fatnað og góða skó og fót til skiptanna því á Íslandi getur rigningin komið algjörlega að óvörum og rennbleytt okkur á svipstundu. Við þurfum að kunna að ganga í hrauni og móum, vaða læk og ár og ganga brattar brekkur, jafnt upp sem niður. Þetta kann ekki sá sem ekki fær tækifæri til að spreyta sig. Sá sem aldrei hefur fengið að sula í á kann ekki að vaða hana. Sá sem alltaf gengur á malbiki er í stökum vandræðum þegar út af því er komið.

Við þurfum að þjálfra börn okkar í því að takast á við ólíkar aðstæður, í byggð og í óbyggðum, á malbiki og öræfum. Við þurfum að kenna þeim að rata um landið, þekkja það og skilja eðli náttúrunnar umhverfis okkur. Aðeins þannig geta þau notið þess að búa í þessu stórskemmtilega landi sem býður fjölbreyttari náttúru en flest nágrannalönd okkar og jafnvel þótt víðar væri leitað. Þetta er samstarfsverkefni heimila og skóla eins og reyndar svo margt sem lýtur að uppeldi barna. Vonandi fá flest skólabörn tækifæri til útivistar í skólanum sínum en það er þó enn brýnna að þau fái tækifæri til slíks með fjölskyldum sínum. Það er svo óendanlega skemmtilegt að fara í rannsóknarleiddangra úti í náttúrunni, skoða blómin, rannsaka hella, sula í ám og lækjum, tína ber og bróla í brekkum. Það er síðan hlutverk skólanna að kenna börnunum að þekkja eðli náttúrunnar, skilja jarðfræði, eðli jökla og fljóta og við hverju má búast í umhverfi okkar – að svo miklu leyti sem það er hægt. ■

**148.000
EINSTAKLINGAR**

**NOTAÐU ÖFLUGASTA FJÖLMÍÐIL
LANDSINS TIL AÐ DREIFA
INNSKOTSBLÖÐUM OG EFNI TIL
PINNA VIÐSKIPTAVINA**

FRÉTTABLAÐIÐ

Niðurhal af netinu enn þrætuepli

**Breytir einhverju hvort greitt
sé fyrir tónlist af netinu?**

Þeir sem hlaða niður tónlist, löglega eða ólöglega, kaupa fleiri geisladiska

napster.

**LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA**

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTÁFÚELAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skattahlíð 24, 105 Reykjavík **ABALSÍMI: 550 5000** SIMBREF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNISLA: Ísafoldarprentsmiða ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.541,11 +0,44% Fjöldi viðskipta: 174 Velta: 1.225 milljónir

MESTA HÆKKUN

FL Group
Íslandsbanki
Bakkavör

+1,95%
+1,35%
+0,49%

MESTA LÆKKUN

HB Grandi
Actavis
Össur

-1,16%
-0,71%
-0,56%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 41,70 -0,71% ... Bakka-
vör 41,30 +0,49%... Burðarás 17,40 +0,00%... FL Group 15,70
+1,95% ... Flaga 4,14 +0,00% ...HB Grandi 8,55 -1,16% ... Ís-
landsbanki 15,00 +1,35% ... Jarðboranir 21,20 +0,47% ... KB
banki 583,00 +0,34% ... Kögun 57,80 +0,17% ... Landsbankinn
21,10 +0,48% ... Marel 62,90 +0,00% ... SÍF 4,85 +0,21%
...Straumur 13,40 +0,00% ... Össur 88,50 -0,56%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is



ENN HÆKKAR FASTEIGNAVERÐ Fasteigna-
verð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði ell-
efta mánuðinn í röð. Það hækkaði um 3,4
prósent í júlí frá fyrri mánuði.

Ellefu mánaða
hækkun

Sérbýli hækkar meira
en fjölbýli.

Fasteignaverð á höfuðborgar-
svæðinu í júlí hækkaði um 3,4 prós-
ent frá mánuðinum áður. Þetta
var ellefti mánuðurinn í röð sem
vísitalan hækkar, samkvæmt töl-
um frá Fasteignamatí ríkisins.

Sérbýli hækkaði heldur meira
en fjölbýli á milli mánaða eða um
3,9 prósent samanborið við 3,2
prósenta hækkun í fjölbýli.

Undanfarna sex mánuði hefur
fasteignaverð á höfuðborgar-
svæðinu hækkað um rúman
fimmtung og um tæp 40 prósent á
liðnu ári.

Sérbýli hefur hækkað um 48
prósent á einu ári en verð á fjöl-
býli um 37,3 prósent.

HÆKKUN FASTEIGNAVERÐS Á
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Mánuður	Hækkun frá fyrri mánuði
Febrúar	5,0 prósent
Mars	2,4 prósent
Apríl	3,9 prósent
Mái	3,8 prósent
Júní	0,7 prósent
Júlí	3,4 prósent



KEYPT Í MATINN Verðbólga mun aukast
um 0,9 prósent í september gangi spá
Greiningardeildar KB banka eftir.

Verðbólga eykst
í september

Vísitala neysliverðs mun
hækka um 0,9 prósent í septem-
ber samkvæmt Greiningardeild
KB banka. Gangi spáin eftir verð-
ur tólf mánaða verðbólga 4,2 prós-
ent.

Á vef Greiningardeildarinnar
segir að rætur verðbólgunnar
megi nær eingöngu rekja til
hækkunar á fasteignaverði.
Neysliverð án húsnæðis hefur að-
eins hækkað um 0,1 prósent síð-
astliðið ár.

Verðbólga í löndum Evrópska
efnahagssvæðisins er lægst á Ís-
landi.

Hagnaður Opera þrefaldast

Alls styðjast nú 6,7 milljónir farsíma við netvafra frá Opera.

Norska hátækni fyrirtækið Opera
Software, sem er stofnað af Íslend-
ingnum Jóni S. von Tetzchner, hagn-
aðist um 76,4 milljónir króna fyrir
skatta og fjármagnsliði á öðrum árs-
fjórðungi. Er það rúmlega þrefalt
meiri hagnaður en fyrir sama tímabil
í fyrra. Tekjur félagsins námu tveim-
ur milljörðum króna á fjórðungnum
og er það 74 prósent aukning frá því
í fyrra.

Í Vegvísi Landsbankans kemur
fram að 6,7 milljónir farsíma styðjist
við netvafra frá Opera og að fjöldinn
hafi rúmlega tvöfaldast á einu ári.

Í tilkynningu frá Opera segir að
gert sé ráð fyrir því að afkoma félags-
ins fyrir árið í heild verði sú besta frá
upphafi.



JÓN S. VON TETZCHNER, STOFNANDI OPERA SOFTWARE Hagnaður Opera nam á öðrum ársfjórðungi
76,4 milljónum króna. Er það þrefalt meiri hagnaður en fyrir sama tímabil í fyrra.

250GB

Western Digital - Fluid Bearing

Special Edition

VERÐ 9.990

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK

AKUREYRI

KEFLAVÍK

www.tolvulistinn.is

Nóatúni 17
Sími 562 6730

Glerárgötu 36
Sími 464 7400

Hafnargötu 90
Sími 534 7400

tímamót

timamot@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Snjólaug Magnea Bjarnadóttir

Þelamörk 54, Hveragerði,

lést sunnudaginn 21. ágúst á Hjúkrunarheimilinu Ási, Hveragerði.

Magnús Kr. Guðmundsson
Gyða Ó. Guðmundsdóttir
Bjarni R. Guðmundsson
Ragnheiður Guðmundsdóttir
Sveinn H. Guðmundsson
Hildur Rebekka Guðmundsdóttir

Guðrún Reynisdóttir
Kolbeinn Kristinsson
Brynja Sveinsdóttir
Lars D. Nielsen
Erna Þórðardóttir

ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Kolbrún Sigurðardóttir

Álftamýri 2, Reykjavík,

sem andaðist á heimili sínu mánudaginn 15. ágúst, verður jarðsöngin frá Háteigskirkju fimmtudaginn 25. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á heimahlyningu Krabbameinsfélagsins.

Höskuldur Eliasson

Sigrún Höskuldsdóttir

Eliás Höskuldsson

Sigurður Höskuldsson

Linda Rut, Telma Rós, Alexander Freyr, Ragnar Már, Lilja Björk, Ragnhildur Sara og Vigdís Karólína.

Antonio Cavaleiro

María Carolina Skackauskaite

Dagbjört Edda Barðadóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Oddný Aðalbjörg Jónsdóttir

Rauðalæk 20, Reykjavík, áður Sunnuhvoli, Fáskrúðsfirði,

sem lést á Landakotsspítala 12. ágúst sl. verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 25. ágúst kl. 13.00.

Jóhanna Ásdís Þorvaldsdóttir

Guðný Björg Þorvaldsdóttir

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir

Kristján Þorvaldsson

Ómar Ásgeirsson

Helga Jóna Óðinsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Víðir Sigurðsson

Sigurður Þorgeirsson



Hjartans þakkeir til ykkar allra sem auðsýnduð okkur samúð og hlýðug við fráfall og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, sonar, bróður, mágs og tengdasonar,

Þorsteins Óskars Guðlaugssonar

bóna og bifreiðastjóra, Ölvaldsstöðum 4, Borgarbyggð.

Guð blessi ykkur öll.

Guðrún Fjeldsted

Ólína Björg Þorsteinsdóttir

Sigurður Ingi Þorsteinsson

Guðlaugur Fjeldsted Þorsteinsson

Þórdís Fjeldsted Þorsteinsdóttir

Jóhanna Birna Þorsteinsdóttir

Guðjón Guðlaugsson

Halldór Guðni Guðlaugsson

Þórdís Fjeldsted

og aðrir aðstandendur.

Guðlaugur Bjarni Guðmundsson

Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir

Guðrún Birgisdóttir

ÞETTA GERÐIST

Vestur-þýskur njósnari flýr

Þennan dag árið 1985 kom í ljós að yfirmaður vestur-þýsku öryggisþjónustunnar hafði í lengri tíma starfað sem njósnari fyrir Austur-Þjóðverja. Svík Hans-Joachim Tiedge komu í ljós þegar hann flúði yfir til Austur-Þýskalands en yfirvöld þar í landi tilkynntu um liðhlaup njósnarans. Einnig greindu þau frá því að á síðustu átján mánuðum hefðu nærri 170 vestur-þýskir njósnarar í Austur-Þýskalandi verið teknir höndum vegna upplýsinga sem Tiedge veitti. Þegar öryggissveitir leituðu í hýbýlum Tiedge í Köln komu í ljós ýmis skjöl sem innihéldu ríkisleynarmál. Helmut Kohl, kanslari Vestur-Þýskalands, lýsti að hæfi Tiedge sem meiriháttar ógæfu en fyrir utan Tiedge hurfu þrír aðrir hátt-

settir starfsmenn innan stjórnarinnar á sama tíma. Að minnsta kosti sex aðrir voru grunaðir um að vera í njósnahring Tiedge. Nokkrir ritarar í höfuðborginni Bonn voru undir eftirliti. Ein þeirra, Herta-Astrid Willner, sem vann á skrifstofu kanslarans, flúði nokkru síðar ásamt eiginmanni sínum til Austur-Þýskalands. Árið áður hafði verið flett ofan af ritara á skrifstofu forseta Vestur-Þýskalands sem hafði þá stundað njósnir í yfir fimmtán ár. Hin tilbúnu landamæri sem skiptu Austur- og Vestur-Þýskalandi frá árinu 1961 þýddu að tiltölulega auðvelt var fyrir njósnara að starfa í mörg ár án þess að vekja athygli.

GUÐMUNDUR G. GUNNARSSON VERÐUR BÆJARSTJÓRI Á ÁLFTANESI:

Fetar í fótspor góðvinar

„Ég er í starfskynningu þessa dagana til að fá tilfinningu fyrir starfinu,“ segir Guðmundur G. Gunnarsson sem á föstudag tekur við bæjarstjóraembættinu á Álftanesi. Rekstur sveitarfélagsins er honum ekki með öllu ókunnur því Guðmundur hefur starfað að mál-efnum þess í hartnær tuttugu ár og lengi verið oddviti.

Margt hefur breyst á Álftanesi síðan Guðmundur og fjölskylda fluttust þangað fyrir 30 árum. „Þá bjuggu hér um 340 manns, hænur voru á vappi og kýr og kindur á beit,“ rifjar hann upp. Nú eru íbúarnir um 2.200 og kýrnar farnar en enn eru haldnar nokkrar rollur á bænum Sviðholti sem rekur sögu sína aftur til landnáms.

Guðmundur segir náungakærleik og samhug ríkja meðal Álftnesinga og þeir sem einu sinni hafi búið þar sæki þangað aftur. „Við sjáum það núna að ungt fólk – börn Álftnesinga – er að flytja hingað á ný eftir að hafa þurft að fara frá okkur um tíma vegna húsnæðisskorts. Mikið hefur verið byggt að undanfögnu og bara á þessu kjörtímabili hafa á annað hundrað íbúðir verið reistar,“ segir Guðmundur en dætur hans tvær búa á Nesinu með sínum fjölskyldum en þriðja dóttirin býr í Lúxemborg. „Hún byggir eflaust á Álftanesi ef hún væri á Íslandi,“ segir Guðmundur og hlær.

Forsetasetrið að Bessastöðum setur vissulega svip sinn á Álftanes og um einn þriðji alls jarðnæðis sveitarfélagsins tilheyrir Bessastöðum. Guðmundur segir sambúðina við forsetann ganga vel. „Samskiptin við núverandi forseta eru mjög góð og þannig hefur það alltaf verið.“

Guðmundur er vélvirki að mennt og rak um árábil fyrirtæki með öðrum bæjarstjóra á höfuð-



GUÐMUNDUR G. GUNNARSSON Útlit nýja bæjarstjórans á Álftanesi kann að koma einhverjum á óvart því um helgina tók hann sig til og rakaði af sér skeggið sem þrýtt hefur andlit hans um árábil.

borgarsvæðinu; nefnilega Gunnari I. Birgissyni, bæjarstjóra í Kópavogi. Má heita merkilegt að gömlu samstarfsmennirnir í verktökunni séu orðnir bæjarstjórar nágranna-bæja og taki við störfum sínum sama árið. „Við skildum að skiptum 1994, hann hélt áfram en ég stofnaði fiskflutningafyrirtækið Lifæð. Ég hætti sem sagt að flytja mold og grjót og flutti fisk í staðinn.“ Með

þeim Guðmundi og Gunnari ríkir enn góður vinskapur og segir Guðmundur að það hafi verið á við háskólanám að starfa með Gunnari, slíkur vísukubrunnur sé hann.

Guðmundur er bjartsýnn á framtíð Álftaness enda uppgangurinn mikill nú um stundir. Hann hlakkar líka til að taka við nýja starfinu og trúir að áfram verði blómlegt á nesinu fagra. ■

ANDLÁT

Ægir Ólafsson, fyrrverandi forstjóri, lést á hjúkrunarheimilinu Eir 18. ágúst.

Sigurjón Jóhannsson, blaðamaður og kennari, andaðist á Landspítalanum 18. ágúst.

Guðmundur Benediktsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, lést í Reykjavík 20. ágúst.

Halldór Sigurðsson, útvarpsmaður í Kaupmannahöfn, lést 20. ágúst.

JARÐARFARIR

15.00 Halldóra Guðrún Jöelsdóttir, Skúlagötu 40a, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.

15.00 Guðbrandur Sæmundsson, vélvirkjameistari, Boðahleini 7, Garðabæ, verður jarðsönginn frá Garðakirkju.

16.00 Þorsteinn Gylfason prófessor verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni.

AFMÆLI

Ingibjörg Aradóttir er sjötug. Hún tekur á móti gestum föstudaginn 26. ágúst í samkomuhúsinu Garðaholti, Garðabæ, klukkan 20.00.



Magnús Leopoldsson fasteignasali er 59 ára.



Úlfar Eysteinnsson matreiðslumeistari er 58 ára.



Stefán Jónsson leikari er 41 árs.



Héðinn Unnsteinsson, sérfræðingur um geðheilbrigði, er 35 ára.



Ástæðir okkar, tengdafadir, afi og langafi,

Ægir Ólafsson

verslunarmaður,

er lést fimmtudaginn 18. ágúst á hjúkrunarheimilinu Eir, verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 25. ágúst kl. 13.

Guðrún Unnur Ægisdóttir

Gunnar Ingi Ægisson

Ólafur Friðrik Ægisson

Eva Guðrún Ægisdóttir

Benno Georg Ægisson

Marcela Margrét Ægisdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún Linda Einarsdóttir

Jón Oddur Davíðsson

Unnur Jóna Sigurjónsdóttir

Helgi Bergmann Ingólfsson

LEGSTEINAR
S:HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

LÚXUS JEPPAR

- á betra verði



Mercedes Benz ML 350
V6 / 3,5 L / 272 hö

Helsti staðalbúnaður:

- Sjálfskipting 7G-TRONIC
- ABS BAS hemlakerfi
- ESP stöðugleikakerfi með skriðstilli
- Hraðanæmt stýri
- ISOFIX festingar fyrir tvo barnastóla
- Thematic - sjálfvirk hita- & loftræstikerfi
- Sitengt aldrif
- ASR spólvörn
- 17" léttmálmsfelgur
- 8 líknarbelgir
- Rafdrifin framsæti ofl. ofl.

Aukabúnaður:

- Tvíþætt leðurinnrétting
- Rafdrifn gler topplúga
- Harman/Kardon Digital Surround hljómk.
- 11 hátalarar & bassabox
- Geisladiskamagasín
- Comand aðgerðaskjár
- Regnskynjari
- Viðarklæðning í mælaborði
- Þjófa- & dráttarvörn
- Upphituð framsæti
- Dökkar afturrúður

Verð kr. 6.550.000



Range Rover SPORT HSE
V8 / 4,4 L / 299 hö

Helsti staðalbúnaður:

- Sjálfskipting
- Rafræn loftpúðafjöðrun Terrain Response
- EBA neyðarhemlun
- DSC stöðugleikastýring
- 4 rása fjölvirkt ABS hemlakerfi
- 19" léttmálmsfelgur
- Tölvustýrð miðstöð
- Skynvæddur skriðstillir
- Rafstýrð framsæti með mjóhryggsstuðning
- Bi-Xenon með hornljósum
- Fjarlægðarskynjarar framan & aftan
- Leiðsögukerfi Premium
- ICE fjarstýring
- Ljós í hurðum
- Þjófavörn
- Aksturstölva ofl. ofl.

Aukabúnaður:

- Rafdrifin gler topplúga
- Harman/Kardon Digital Surround hljómk.
- DVD afþreyingarkerfi fyrir aftursæti
- Privacy spegilgler
- Regnskynjari
- Upphituð framsæti

Verð kr. 8.990.000



Volvo XC 90 - 7 manna
5 cyl / 2,5L Turbo / 210 hö

Helsti staðalbúnaður:

- Geartronic sjálfskipting 5 gíra
- ABS helmakerfi
- EBD hemlajöfnun
- DSTC RSC spólvörn & stöðugleikastýringu
- WHIPS bakhnykksvörn
- AQS lofthreinsikerfi
- Aksturstölva
- ECC tölvustýrð loftkæling m/ hitastýringu
- Hleðslujafnari
- SIPS hliðarárekstrarvörn
- 17" léttmálmsfelgur
- Audio High Performance Volvo hljómtæki
- 8 hátalarar & geislaspillari
- Upphituðr útispeglar
- Upphituð framsæti ofl. ofl.

Aukabúnaður:

- 7 manna leðurinnrétting
- Rafdrifin gler topplúga
- Rafdrifð ökumannssæti með minni
- Regnskynjari
- Viðar- & áláferð á mælaborði
- Dökkar afturrúður
- Viðar stýrishjól

Verð kr. 5.790.000



MASTER

Glæsibæ, Álfheimum 74, 104 Reykjavík, sími 540 2200, www.masterbill.is



Evrópumeistari

... Jón Oddur Halldórsson varð í gær Evrópumeistari í 100 metra hlaupi á Evrópumóti fatlaðra í frjálsum íþróttum sem fer nú fram í Espoo í Finnlandi. Jón sigraði á tímanum 13,5 sekúndum og varði þar með titil sinn frá því fyrir tveimur árum í Assen. Jón Oddur á einnig eftir að keppa í 200 metra hlaupi á mótinu.

sport
sport@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? ÁGÚST

20 21 23 23 24 25 26
Þriðjudagur

LEIKIR

- ☐ 17.30 **Breiðablik** og **Valur** mætast í VISA-bikarkeppni kvenna á Kópavogsvelli.
- ☐ 17.30 **KR** og **Fjölnir** mætast í VISA-bikarkeppni kvenna í Frostaskjólí.

SJÓNVARP

- ☐ 07.00 **Olíssport** á Sýn. Endursýnt þrisvar til 9.00 og aftur 15.40.
- ☐ 18.55 **Liverpool** og **CSKA Sofia** mætast í Meistaradeild Evrópu á Sýn.
- ☐ 21.00 **Ensku mörkin** á Sýn.
- ☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 22.30 Leikur **Liverpool** og **CSKA Sofia** endursýndur á Sýn.
- ☐ 00.10 **Strandblak** á Sýn.

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

ÁSKRIFTARTILBOÐ TIL ÁRAMÓTA:
// EINN MÁNUÐUR FRÍTT
// SÝN PLÚS FRÍTT
// 10 ERLENDAR SPORTRÁSIR FRÍTT*
VERÐ AÐEINS 4.092 KR. Á MANUÐI

*Sýn plús og erlendar sportrásir nást aðeins á dreifisvæði Digital Islands

ALLIR LEIKIRNIR SEM
SKIPTA MÁLI
Í BEINNI Á SÝN

EIÐUR SMÁRI
KLÚÐRARAR
DAUÐAFÆRI
UNDANÚRSLITUM

SÝN
besta sætið

TRYGGVI GUÐMUNDSSON: Í ANNARLEGU ÁSTANDI EFTIR HÖFUÐHÖGG Í LEIKNUM GEGN VAL:

Dansaði rækjudansinn og man ekki neitt

Þegar blaðamenn hópuðust að Tryggva Guðmundssyni eftir að sigur FH var í höfn á sunnudaginn hafði kappinn litið að segja og virtist í mikilli sigurvímu. Hann lét þó ekki sitt eftir liggja í fagnaðarlátunum eftir leikinn og dansaði hinn svokallaða rækjudans fyrir káta stuðningsmenn FH, sem ærðust af fögnuði. Þegar Fréttablaðið hafði samband við Tryggva í gær og spurði hann út í tilþrifin kom í ljós að hann hafði fengið heilahristing eftir að boltanum var skotið í höfuð hans í leiknum og þurfti því að fara á slysadeild í athugun.

„Ég man bara eiginlega ekkert eftir þessum leik í gær og mér skilst að ég

hafi bara bullað tóma steypu í viðtölum eftir leikinn,” sagði Tryggvi, sem var enn ekki alveg búinn að ná sér eftir höggið. „Þetta var mjög skríttinn dagur í gær. Ég var farinn að fara verulega í taugarnar á fólki, því ég var alltaf að spyja hvernig leikurinn hefði farið og hverjir hefðu skorað. Ég var víst með einhver skemmtiatriði á slysadeildinni líka en ég

man bara ekkert eftir því,” sagði Tryggvi hissa á öllu saman.

Þegar hann var spurður út í dansinn sem hann tók liggjandi á vellinum fyrir áhorfendur í leikslok, útskýrði hann að þar hefði verið á ferðinni „rækjudansinn”. „Pennan dans bjó ég til þegar ég var úti í Tromsø á sínum tíma og ég kenndi strákunum í FH þennan dans þegar við vorum í æfingabúðunum úti í Portúgal í vor. Ég sagði þeim að ef við yrðum Íslandsmeistarar skyldi ég taka þennan dans og ég varð auðvitað að standa við það,” sagði Tryggvi, sem er áreiðanlega einn af fáum mönnum sem hafa skorað mörk í Landsbankadeildinni án þess að muna eftir því.



Loksins sigur hjá Fylkismönnum

Fylkismenn fóru sáttir úr Laugardalnum eftir góðan 2-1 sigur á Fram í gærkvöldi. Eftir áttatíu markalausar mínútur komu þrjú mörk á lokamínútum leiksins þar sem varamenn Fylkis voru í aðalhlutverkum.

1-2

Fram **Fylkir**

Laugard.v., áhorf:834 Gisli Hlynur Jóhannsson.(6)

0-1 Kjartan Ágústi Breiðdal (81.)
0-2 Viktor Bjarki Arnarsson (90.)
1-2 Bo Henriksen (90.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	6-14 (3-6)
Varin skot	Gunnar 4 - Bjarni 0
Horn	6-8
Aukaspyrnur fengnar	9-14
Rangstöður	2-5

FÓTBOLTI Þó að staða liðanna í deildinni hafi verið nánast sú sama fyrir leikinn hefur gengi liðanna að undanförunu verið ólíkt. Fram



RÓLEGUR, ÞÓRHALLUR Gisli Hlynur Jóhannsson, dómari leiks Fram og Fylkis, róar hér Þórhall Dan Jóhannsson, fyrirlíða Fram og fyrrum leikmann Fylkis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

LANDSBANKAÐEILDIN

FH	15	15	0	0	46-6	45
VALUR	15	10	1	4	27-11	31
ÍA	15	7	2	6	18-18	23
KEFLAVÍK	15	5	6	4	24-28	21
FYLKIR	15	6	2	7	25-26	20
KR	15	6	1	8	18-22	19
FRAM	15	5	2	8	16-22	17
ÍBV	15	5	1	9	17-26	16
GRINDAVÍK	15	3	3	9	16-36	12
ÞRÓTTUR	15	2	4	9	16-28	10

MARKAHÆSTIR:

Allan Borgvart, FH	13
Tryggvi Guðmundsson, FH	13
Garðar Gunnlaugsson, Val	8
Hörður Sveinsson, Keflavík	8
Matthías Guðmundsson, Val	7

hafa komist einn inn fyrir vörn Fram. Það skipti svo litlu er Bo Henriksen minnkaði muninn fyrir heimamenn stuttu síðar því leikurinn var flautaður af litlu síðar.

eirikurst@frettabladid.is

FRAM 4-4-2	FYLKIR 4-4-2
Gunnar 6	Bjarni Þórður 7
Eggert 6	Ragnar 6
(86. Þorbjörn Atli -)	Hrafnkell 6
Þórhallur Dan 5	Valur Fannar 7
Kristján 6	Arnar Þór 5
Gunnar Þór 8	Viktor Bjarki 7
Daði 6	Helgi Valur 6
(46. Ómar) 6	Jón Björgvin 5
Mathiesen 6	(57. Tranberg) 6
Ingvar Þór 6	Eyjólfur 6
Viðir 5	(75. Kjartan Ágúst) 8
(63. Kristófer) 5	Björgólfur 6
Andri Fannar 7	Christiansen 3
Henriksen 5	(70. Haukur Ingi) 7
*MADUR LEIKSINS	

Aron Kristjánsson að gera góða hluti sem þjálfari í danska handboltanum: Íslendingaliðið Skjern vann Barcelona

HANDBOLTI Danska handknattleikslíðið Skjern, sem Vignir Svavarsson, Vilhjálmur Halldórsson og Jón Jóhannesson leika með og Aron Kristjánsson þjálfar, bar sigurorð af spænsku Evrópumeisturunum Barcelona í æfingleik á sunnudagskvöldinu með einu marki, 29-28. Vignir skoraði fimm mörk, Vilhjálmur tvö og Jón eitt.

2000 manns mættu á völinn og var húsfyllir. Skjern varð fyrir mikilli blóðtöku þegar Finninn Patrik Westerholm sleit hásin og verður frá í níu mánuði.

„Þetta er mikill missir fyrir okkur því hann er mjög góður og

meiðslavandræðin hægra megin halda áfram,” sagði Vignir í samtali við Fréttablaðið en nú eru allar skytturnar þar meiddar. „Ég hef boðist til þess að leysa þessa stöðu,” bætti hann við í léttum dúr en fékk víst ekki miklar undirtektir.

Sjálfur var Vignir nokkuð sáttur við sitt og sagðist vera búinn að koma sér vel fyrir í þessum litla bæ. „Ég er að komast í betra form en ég hef áður verið. Er búinn að lyfta markvisst í fyrsta skipti á ævinni og við erum búnir að hlupa og æfa mjög vel,” sagði Vignir sem kann greinilega vel við sig á móti



VIGNIR SVAVARSSON Var í fremstu viginu hjá Skjern þegar liðið bar sigurorð af Barcelona í æfingaleik.

Barcelona en hann var einmitt í liði Hauka sem gerði jafntefli við Börsunga í meistaradeildinni fyrir tæpum tveimur árum. -fgg

ÚR SPORTINU

Aston Villa og Liverpool hafa náð samkomulagi um kaupverð á tékkneska framherjanum Milan Baros, en kaupverðið er sex og hálf milljón punda. Baros hefur verið orðaður við för frá Liverpool síðan enski landsliðsmaðurinn Peter Crouch gekk til liðs við Liverpool frá Southampton fyrr í sumar.



Steve Stride, framkvæmdastjóri Aston Villa, var ánægður með þetta samkomulag og vonast til þess að geta gengið frá kaupunum sem fyrst. „Eftir þessa samþykkt er næsta skref að ganga frá lækni-skoðuninni og síðan persónulegum málum leikmanns-ins. Ég vonast auðvitað til þess að geta gengið frá þessum málum sem allra fyrst, þar sem Baros styrkir leikmannahóp okkar mikið.“

Jiri Jarosik er genginn til liðs við Birmingham City frá Chelsea, en um lánsamning er að ræða. Steve Bruce, knattspyrnustjóri Birmingham, var ánægður með kaupin og sagðist lengi hafa verið hrifinn af leikmanninum. „Það er ánægjulegt að það sé búið að ganga frá þessum málum. Jarosik er sterkur leikmaður sem á eftir að styrkja lið okkar mikið. Ég hef fylgst með honum síðan hann var að leika með CSKA Moskvu og svo sá ég hann leika gegn okkur í fyrra. Hann spilaði 25 mínútur í þeim leik og stóð sig virkilega vel. Hann hefur mikla hæfileika sem nýtast liði okkar vel þar sem mikið hefur verið um meisli hjá okkur síðustu misseri.“



Daniel Agger, leikmaður Brøndby og danska landsliðsins, er nú orðaður við för til Liverpool en Rafael Benitez hefur undanfarin misseri leitað að varnarmanni. Agger lék frábærlega með Brøndby á síðustu leiktíð og þykir efni-legur miðvörður sem einnig getur leikið aftarlega á miðjunni. Agger lék sinn fyrsta landsleik fyrir Dani gegn Eng-land-ingum á dögunum og þótti skila sínu hlutverki vel.

Per Bjerregaard, framkvæmdastjóri dönsku meistarana, sagði ekkert tilboð hafa borist í leikmanninn. „Við höfum ekki fengið neinar upplýsingar sem benda til þess að Agger sé á leið til Liverpool. Hann er ennþá leikmaður Brøndby og verður það þangað til tilboð frá félagi hefur borist og verið samþykkt af okkar hálfu.“

Bryan Robson, knattspyrnustjóri West Bromwich Albion, hrósaði framherjanum Geoff Horsfield í hástert eftir að hann skoraði bæði mörk liðsins í 2-1 sigri á Portsmouth um helgina. Horsfield hefur leikið vel síðan Robson tók við starfinu hjá WBA af Gary Megson. „Horsfield á eftir að reynast okkur vel í vetur. Hann er í

góðu formi og virðist hafa sjálfs-traustið í lagi. Hann hefur líka bætt boltatækni sína mikið og er einn besti skallamaður sem ég hef séð. Ég á von á því að hann verði okkar aðalmarkaskorari á tímabilinu og hann byrjar leiktíðina vissulega vel.“ WBA hefur komið á óvart í byrjun tímabilsins og er með fjögur stig eftir tvo fyrstu leikina. Ekki var búið við miklu af liðinu á þessu tímabili og verður forvitnilegt að sjá hvernig liðið spjarar sig.



Vonbrigði í Ungverjalandi

Íslenska handboltalandsliðið skipað leikmönnum 21 árs og yngri tapaði í gær sínum þriðja leik í röð á mótinu, nú gegn Egyptum, 30–25. Íslenska liðið ætlaði sér stóra hluti á mótinu og eru því vonbrigðin mikil.

HANDBOLTI Eftir tvo sigra á Chile og Kongó í upphafi heimsmeistaramóts U-21 landsliða í Ungverjalandi hafa allir þrír leikir Íslands gegn stærri þjóðum tapast, nú síðast gegn Egyptum í gær, 30–25. Staðan í hálfleik var 14–12 en íslenska liðið náði reyndar að komast yfir í stöðunni 20–19. Þá skorðuð Egyptar fimm mörk í röð og tókst á tíu mínútum að breyta stöðunni í 28–22, sér í vil. Afar slæmur leikkafli íslenska liðsins sem tapaðist með níu mörkum gegn tveimur.

„Þetta fór mjög illa,“ sagði Ásgeir Örn Hallgrímsson, sem skoraði sjö mörk í leiknum. Markahæstur í íslenska liðinu var Árni Þór Sigtryggsson með átta mörk og Ernir Hrafn Arnarson skoraði fjögur mörk. Aðrir sem komust á blað skorðu ekki meira en eitt mark, sem þykir slæmt í hvaða liði sem er. „Stemningin í hópnum var ágæt og ætluðum við



ÁRNI ÞÓR SIGTRYGGSSON Var markahæstur íslensku leikmannanna í gær með átta mörk. Hann hefur skorað alls 33 mörk og er níundi markahæsti maður mótsins.

svo sannarlega að vinna þennan leik. Það var slæmt að tapa fyrir Þýskalandi og Spáni en við komum engu að síður mjög vel stemmdir í leikinn.“

Aðspurður um leikinn sagði Ásgeir Örn að íslenska liðið hefði lent í erfiðleikum með varnarleik Egypta en þeir léku mjög framarlega í vörn og létu vel til sín taka. „Þetta

gerði það að verkum að við gerðum mikið af tæknilegum mistökum og fengum mörg mörk á okkur úr hraðaupphlaupum á móti.“ Egyptar skorðu samtals níu mörk úr hraðaupphlaupum, gegn einungis þremur hjá Íslandi, og gerði það gæfumuninn.

Björgvin Gústavsson varði tíu skot í leiknum og kom varamarkvörður Íslands, Björn Friðþjófsson, ekkert við sögu í leiknum.

Á morgun keppir íslenska liðið við það danska sem er enn taplaust eftir góðan sigur á Spánverjum í gær, 33–26. Það er ljóst að

við ramman reip verður að draga hjá strákunum okkar en Ásgeir Örn segir að liðið fari í alla leiki til að sigra. „Það er lítið annað eftir en að spila upp á stoltið og ætlum við ekki að gefast upp. En því er ekki að neita að við ætluðum okkur stóra hluti á mótinu og eru þetta mikil vonbrigði.“

LEIKIR GÆRDAGSINS

HM U21 í handbolta:

MILLIRIÐILL A:

ÞÝSKALAND–SUÐUR KÓREA	33–29
ÍSLAND–EGYPTALAND	25–30
DANMÖRK–SPÁNN	33–26

STAÐAN:

DANMÖRK	3	3	0	0	101–79	6
ÞÝSKALAND	3	3	0	0	97–88	6
EGYPTALAND	3	2	0	1	95–91	4
SPÁNN	3	1	0	2	64–65	2
ÍSLAND	3	0	0	3	83–92	0
S-KÓREA	3	0	0	3	90–108	0

MILLIRIÐILL B:

UNGVERJALAND–ARGENTÍNA	38–22
SERBÍA–RÚMENÍA	29–28
SLÓVENÍA–ÍSRAEL	37–28

STAÐAN:

UNGVERJAL	3	3	0	0	110–70	6
SERBÍA	3	3	0	0	91–82	6
SLÓVENÍA	3	2	0	1	96–85	4
RÚMENÍA	3	1	0	2	87–90	2
ARGENTÍNA	3	0	0	3	80–106	0
ÍSRAEL	3	0	0	3	78–109	0

Sænska úrvalsdeildin:

HÄCKEN–HAMMARBY	1–3
Pétur Marteinnsson lék ekki með liði Hammarby vegna meiðsla.	
SUNDSVALL–ASSYRISKA	5–0
HELSINGBORG–LANDSKRONA	1–0

STAÐA EFSTU LIÐA:

DIJURGÄRDEN	19	11	4	4	39–22	37
GAUTABORG	18	9	6	3	22–10	33
HELSINGB.	19	10	3	6	28–28	33

**HYUNDAI**
hefur gæðin

Hyundai SANTA FE

Einn stærsti og öflugasti jepplingurinn á markaðnum

Hyundai Santa FE 2.7 V6, sjálfskiptur.
Dráttargeta 2300 kg.
Verð kr. 2.910.000
Bílasamningur kr. 30.290 á mánuði.
m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.

Hyundai Santa FE 2.0 CRDi-Dísel, sjálfskiptur.
Dráttargeta 2000 kg.
Verð kr. 2.970.000
Bílasamningur kr. 30.900 á mánuði.
m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.



Með bílino Banda þér

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílás Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélasalan Hvammstanga sími 451 2230

*Mánaðargreislur miðast við bílasamning lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun. Greiðum út þann gamla 43 dögum eftir afhendingu nýje bílsins.



MCP
MICROSOFT CERTIFIED PROFESSIONAL

VIÐURKENND ÞEKKING
VEGUR ÞUNGT
Í FERILSKRÁNNI!

„Ég hlakka til að takast á við skemmtileg og krefjandi störf á þessu sviði. Ég gef NTV skólanum og kennurum hans topppeinkunn!“

Grétar Gíslason
- Kerfisfræðingur NTV



Með MCP námskeiðinu er markmiðið að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á **Windows XP** st rikerfinu. Nemendur öðlast víðtækan skilning á netkerfum og læra að leysa vandamál sem að þeim snúa. Einnig er Windows 2003 Server kynntur.

Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta. Námið undirb r nemendur fyrir próf sem gefur gráðuna „Microsoft Certified Professional“.

- Kvöldnámskeið**
Mán. og mið. 18 - 22 og lau. 8:30 - 12:30
Byrjar 12. sept. og lýkur 22. okt.



UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

ALLIR LEIKIRNIR SEM SKIPTA MÁLI Í BEINNI Á SÝN

ÁSKRIFTARTILBOÐ TIL ÁRAMÓTA:
EINN MÁNUÐUR FRÍTT // SÝN PLUS FRÍTT // 10 ERLENDAR SPORTRÁSIR FRÍTT*
VERÐ AÐEINS 4.092 KR. Á MÁNUÐI
*Sýn plus og erlendar sportrásir nást aðeins á dreifisvæð Digital Island



SYN
besta sætið

SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Prautín er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðiinu á morgun.

	5	6	8			7		3
3	2		1					8
	7			5			2	
	4		7	9		1		
5								7
		2		8	6			9
	9			7				4
4					9		6	5
1		8			4	2	7	

su | do | ku
© Puzzles by Pappocorn

Lausn á gátu gærdagsins

6	3	1	4	5	7	2	8	9
7	8	9	6	2	3	1	4	5
4	5	2	9	8	1	3	7	6
8	6	4	3	7	9	5	2	1
2	7	3	5	1	4	6	9	8
1	9	5	2	6	8	7	3	4
5	4	7	8	3	6	9	1	2
3	2	8	1	9	5	4	6	7
9	1	6	7	4	2	8	5	3

STUÐ MILLI STRÍÐA · **Neyslubrjálæði**

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR ER BÚIN AÐ GERA HAUSTTILTEKT.



Það er gott fyrir sálina að taka reglulega til í geymslunni. Hingað til hef ég átt í miklum erfiðleikum með að losa mig við dót. Lengi vel geymdi ég gamlar stílabækur og ritgerðir síðan í grunnskóla því ég hélt að sá dagur rynni upp að þetta kæmi að góðum notum. Þegar ég áttaði mig á því að gömlu ritgerðirnar mínar myndu aldrei gagnast neinum, ekki einu sinni sjálfri mér, lét ég vaða og henti gömlu skóladóti á einu bretti. Þegar fatnaður er annars vegar á ég afar bágð með að henda. Ég lít á fót sem gersemar

og þeim hendir maður ekki út um gluggann. Af þessum sökum var geymslan mín nánast að springa um daginn. Þegar ég tók til hendinni þar sá ég að þetta gengi ekki lengur. Ég yrði að losa mig við öll þessi fót án þess að fara með þau beint út í rusl. Það kom líka fleira í ljós þegar tekið var til. Þarna var ógrynni af búsaðöldum sem ég var löngu hætt að nota, lampar, skór og jólasक्रaut. Þegar ég býsnaðist yfir þessu við vinkonur mínar dóu þær ekki ráðalauser og ákváðu að við skyldum bara halda flóamarkað. Menningarnótt varð fyrir valinu og ég verð að viðurkenna að ég hef sjaldan skemmt mér betur. Þarna fengu gömlu fötin mín nýja eigendur og þar með framhaldslíf

á framandi slóðum. Það voru margir bara voðalega finir í gömlu fötonum mínum, ótrúlegt en satt.

Þegar maður er í svona stússi vakna þó margar spurningar. Ef maður væri nægjusamur og lifði algeru meinlætálífi væri þetta vandamál úr sögunni. En ég, eins og svo margir aðrir, þarf alltaf að vera að kaupa mér eitthvað, hvort sem það er til einkanota eða til heimilisins. Sem gerir það að verkum að fót og húsbúnaður safnast upp. Þetta er hreint og klárt neyslubrjálæði sem gerir mann gráhærðan til lengri tíma. Nú ætla ég að temja mér þann sið að hugsa mig tvisvar um áður en ég fjárfesti. ■

myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Överli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

PÚ OG PA



Eftir SÖB

KJÖLTURAKKAR



Eftir Patrick McDonnell

BARNALÁN



Eftir Kirkman/Scott

ÁSKRIFTARTILBOÐ TIL ÁRAMÓTA:
// EINN MÁNUÐUR FRÍTT // SÝN PLÚS FRÍTT // 10 ERLENDAR SPORTRÁSIR FRÍTT* // VERÐ AÐEINS 4.092 KR. Á MÁNUÐI
*Sýn plús og erlendar sportrásir nást aðeins á dreifisvæði Digital Íslands

Í KVÖLD KL. 18:55

LIVERPOOL

CSKA SOFIA

ALLIR LEIKIRNIR SEM
SKIPTA MÁLI
Í BEINNI Á SÝN

Á MORGUN KL. 18:20:
DEBRECENI - MAN. UTD.



Tvöföld afmælisútgáfa

Í nóvember verða þrjátíu ár liðin síðan söngkonan Patti Smith gaf út sína fyrstu plötu, *Horses*, sem er talin hafa haft mikil áhrif á rokk söguna.

Af því tilefni kemur á markað tvöföld afmælisútgáfa af plötunni. Á fyrri plötunni verður *Horses* í heild sinni endurhljóðblönduð ásamt aukalaginu *My Generation*, sem The Who gerði frægt á sínum tíma. Síðari platan hefur að geyma tónleikaútgáfu af *Horses* sem var tekin upp í London fyrr í sumar. Þar spilaði Flea úr hljómsveitinni Red Hot Chili Peppers á bassa.



Patti Smith heldur tónleika á Nasa 6. september og biða margir þeirra með mikilli eftirvæntingu enda er Smith goðsögn í lifanda lífi. ■

Garðhús Eskola 2

- 11,36fm

Fyrir Grillið -
fyrir Heita pottinn
Tilboðsverð -
Fáein hús eftir



Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550



LÆKKAD VERÐ!

Salla Sumarhús - Gestahús

13,1 fm með yfirbyggðri
verönd 388x205 cm



Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550



LÆKKAD VERÐ!

Fallegar þakflísar



KATEPAL þakflísar skapa kórónu hverrar byggingar.

Yfir 60 ára reynsla um allan heim.
Viðhaldsfritt. Fjórir sanseraðir litir.
Mjög auðveld lagning á margbrotin þök.
Ekkert tjórumak.
Gerð verðsamanburð.

goddi.is, Auðbrekka 19, 200 Kópavogi, sími 544 5550



BÁTAKERRA LCI-887

548x170cm. galv. með spili. Burðarg. 545 kg.



Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

KERRA LCI-880

392x134cm, galv.
Burðarg. 270 kg.



Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550



Áklæðaúrvalið er hjá okkur.

Leður og leðurlíki. Auk þess pöntunarþjónusta eftir ótal sýnishornum.



Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

Var með fordóma gagnvart popptónlist

Klassíski popparinn Helgi Hrafn Jónsson, sem er búsettur í Austurríki, gefur á næstunni út sína fyrstu sólplötu sem ber nafnið Glóandi.

Helgi, sem er staddur á Íslandi um þessar mundir í langþráðu frið, byrjaði ungur að árum í tónlistarnámi. Frá ellefu til sautján ára aldurs spilaði hann á básúnu í Bossanovabandinu, sem naut töluverðra vinsælda hér á landi. Sveitin ferðaðist meðal annars um Evrópu og Bandaríkin. Eftir að Helgi útskrifaðist úr einleikardeild Tónlistarskóla Reykjavíkur fór hann 19 ára gamall í framhaldsnám í básúnuleik til Austurríkis. Hann lauk því námi fyrir ári síðan, en Helgi er nú 25 ára.

„Það eru tvö og hálft ár síðan ég byrjaði að semja og syngja. Þetta er sú tónlist sem kemur frá mér án þess að ég sé að þæla í því hvernig melódíur eða lög eiga að hljóma,“ segir Helgi, sem var á leiðinni frá Þórsmörk þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. „Ef ég beintengi við mallakútinn þá kemur þetta fram. Það hefur samt verið togstreita hjá mér á milli popps og klassískrar tónlistar. Fólki finnst stundum eins og maður sé að taka niður fyrir sig með því að vera í poppinu en þetta er yfirleitt fólk sem hefur ekki heyrt tónlistina mína,“ segir hann og hlær. „Ég stóð mig líka að því fyrir nokkrum árum að vera með ákveðna fordóma gagnvart popptónlist þó að ég hafi

hlustað á popp. Þessi fordómar enn svolítið ríkjandi í hinum klassíska heimi.“

Helgi segist ekki ætla að einblína á eina tónlistartegund umfram aðra í framtíðinni. „Ég ætla bara að halda áfram í tónlist, sama hvaða nafni maður nefnir hana. Ég ætla að reyna að lifa af því að vera tónlistarmaður en þetta er rosalega mikil harka og bras. Ef maður ætlar að geta lifað af tónlistinni verður maður að vera fjölbreyttur og opinn.“

Helgi spilarar á básúnu í tveimur lögum á plötunni auk þess sem hann syngur nokkur lög á íslensku. Stundum koma tímabil sem hann getur ekkert spilað á básúnuna vegna axlarmeisla. Urðu þau meðal annars til þess að hann ákvað að snúa sér að poppinu á sínum tíma. Hann nefnir Led Zeppelin sem sterkan áhrifavald í sinni tónlistarsköpun auk þess sem Bítlarnir, Jimi Hendrix og Jeff Buckley skipi stóran sess.

Platan Glóandi kemur út 5. september. Helgi vonast til þess að koma aftur hingað til lands í nóvember og spila með hljómsveit sinni Beefolk, sem hefur notið mikilla vinsælda úti í Austurríki. Hann ætlar ekki að flytja aftur heim til Íslands alveg strax og undirbýr nú að flytja búferlum frá Austurríki ásamt þarlendri kærustu sinni. Ferðinni er hugsanlega heitið til Berlínar.

freyr@frettabladid.is



HELGI HRAFN Helgi Hrafn Jónsson er að gefa út sína fyrstu sólplötu.



PSP Leikjätölvan handhæga PSP kemur í verslanir 1. september. Meðal annars verður hægt að horfa á DVD-myndir í tækinu.

Hægt að prófa PSP

Leikjätölvan PSP (PlayStation Portable) kemur í verslanir Skífunnar og BT hinn 1. september. Fyrir þá óþreyjufullu sem vilja prófa tölvuna áður en hún fer í sölu er búið að setja upp sérstaka PSP-standa í verslunum.

Á meðal þess sem PSP mun bjóða upp á eru tölvuleikir og DVD-myndir í góðri upplausn. Einnig er MP3-spilari í tækinu þar sem hægt er að hlaða inn fjölda laga. ■

Duff gerir rót-tækar breytingar

Leik- og söngkonan Hilary Duff var nánast óþekktanleg þegar hún mætti í tónlistarþáttinn TRL á MTV í fimmtudagskvöld. Stúlkan hæfileikaríka var með kolsvart axlasítt hár en hún hefur alla tíð verið með ljósa síða lokka. Líklegast þykir að hún hafi skellt á sig hárkollu til þess að breyta til en einhver heyrði hana segja að sér þætti þúkalegt að vera með ljóst hár við svart rokkdressið sem hún var í.

Skoðanir manna á þessum rót-tæku breytingum voru skiptar en þær féllu mönnum þó betur í geð en þær breytingar sem hún gerði á tanngarði sínum nýlega. „Það er augljóst að hún er ekki alveg búin að finna sig og er bara að prófa mismunandi útlit,“ sagði tiskuspekúlant á bandarísku tímariti. „Mér fannst hún nú bara sætust með sitt eðlilega hár og sínar eðlilegu tennur.“ ■



HILARY DUFF Þegar hún mætti í útsendingu á sjónvarpsstöðinni MTV á fimmtudag.

Viðeyjarganga og kúmentínsla

í kvöld kl. 19:00

Rifjuð upp ótrúleg
útgerðar- og
mannlífssaga



Sumardvalagestir í Viðey 1939. Úr safni Örlygs Hálfðanarsonar.

Örlygur Hálfðanarson Viðeyingur leiðir gesti um eyjuna og rifjar upp ótrúlega útgerðar og mannlífssögu frá fyrrihluta 20. aldar, sýnir ógnvænlegt landbrot og lýsir hugmyndum sínum um framtíð eyjarinnar. Samhliða leiðsögn verður kúmentínsla. Kúmen kaffiveitingar í gamla vatnstankinum

Cheadle í Rúanda

Don Cheadle heimsótti í fyrsta skipti Hótel des Milles í Rúanda. Það var gert ódauðlegt í kvikmyndinni Hótel Rúanda þar sem leikarinn fór á kostum sem hóteltjórinn Paul Rusesabagina en hann bjargaði meira en þúsund manns frá þjóðarmorðunum þar í landi árið 1994.

Cheadle hafði aldrei séð sögu- staðinn þar sem Hótel Rúanda var að mestu leyti tekin upp í Suður- Afríku. „Ég hef sogast að þessu svæði og mig langar að beina at- hygli umheimsins að aðstæðum þessarar heimsálfu,“ sagði leikar- inn en hann var tilnefndur til Ósk- arsverðlauna fyrir leik sinn í mynd- inni.

Cheadle hitti forseta Rúanda Paul Kagame þegar myndin var

frumsýnd í Úganda. Hann heimsótti einnig flóttamannabúðir í norður- hluta Úganda en talið er að tæplega ein og hálf milljón Úgandabúa séu á flótta undan morðum og nauðgun- um Uppreisnarhers Drottins. Cheadle ræddi enn fremur við ungar stúlkur sem hafði verið þröngvað í hjónaband og sagðist ekki geta ímyndað sér hörmungarnar sem fólkið gengi í gegnum.

Cheadle er að skrifa bók í sam- starfi við John Prendergast um ástandið í Afríku. Hann sagðist vona að bókinn varpaði ljósi á hvað Bandaríkjamenn geti gert í málefni- um Afríku. Það kom honum á óvart hversu sterkt von lifir í hjörtum íbúanna þrátt fyrir hrikalegar að- stæður. „Það er hún sem heldur þeim á lífi.“ ■



HÓTEL RÚANDA Paul Rusesabagina bjargaði þúsund íbúum Rúanda frá þjóðar- morðunum í landinu. Don Cheadle, sem túlkaði hóteltjórann í kvikmyndinni, heim- sótti hótelið fræga og kynnti sér aðstæður flóttafólks í Úganda.

Stríð og friður í Sigurjónssafni

„Yfirskriftin á tónleikunum er Stríð og friður,“ segir fiðluleikarinn Auður Hafsteinsdóttir en hún og píanó- leikarinn Anna Guðný Guðmunds- dóttir leiða saman hesta sína í sum- artónleikaröð á Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í kvöld. Yfirskrift tón- leikanna vísar í sögulegan bak- grunn verkanna sem tónlistakon- urnar koma til með að flytja.

Áhorfendum gefst kostur á að hlýða á tvær sönötur fyrir fiðlu og píanó aðra í dúr og hina í moll eftir þá Edward Grieg og Sergej Prokofi- ev. „Sónata númer eitt eftir Prokofi- ev hefur lengið verið draumasónata hjá mér. Verkið var samin á stríðs- árunum og eftir stríð og innihaldið er eftir því,“ en Prokofiev samdi sönótuna á árunum 1938-1946 og þykir verkið undir áhrifum stríðs-




TÓNLEIKAR Anna Guðný Guðmundsdóttir og Auður Hafsteinsdóttir leika sönötur eftir Grieg og Prokofiev í kvöld.

hörmunga og þeirri kúgun og von- leysis sem gætti í Rússlandi Stalíns. „Ég valdi því bjartsýnissónötu Griegs sem mótvægi við verk Prokofie,“ en sónata Griegs númer eitt er full af æskufjöri.

Tónleikarnir og óður Auðar og Önnu Guðnýjar til stríðs og friðar hefst klukkan 20.30 í kvöld. ■

FRÉTTIR AF FÓLKI

Þoppsöngkonan **Ashlee Simpson**, sem hefur um nokkurn tíma átt í hatrömmum deilum við leikkonuna **Lindsay Lohan**, hefur nú gefið út nýtt lag sem ber nafnið *I didn't steal your boyfriend*, eða „Ég stal ekki kærastanum þínum“. Mörgum finnst textinn ansi persónulegur þar sem eitt helsta deiluefnið var einmitt að Lindsay fannst Ashlee stela af sér kærastanum sínum, *Svona var það* '76 leik- aranum **Wilmer Valderrama**. Ashlee og Wil- mer hafa sést mikið saman undanfarið en þrátt fyrir það neitar hún því að nokkur rómantik sé í loftinu.



Will & Grace-leikkonan **Debra Messing** stefnir nú ótrauð að því að styrkja feril sinn sem kvik- myndaleikkona. Það er þó eitt ljón í veginum og það er **Jennifer Aniston**. „Debra er meira en til- búin að snúa sér að kvik- myndaleik og kom sterklega til greina fyrir tvö góð hlutverk nýlega. Jennifer Aniston hreppti hins vegar bæði hlutverki og Debra óttast að þessi samkeppni verði henni að falli í framtíð- inni,“ sagði vinkona leikkonunnar. „Debra er samt ekki stressuð enn og segist vona að Jenni- fer finni sér kærasta og taki sér fri - í eitt ár eða svo!“

Það gengur þó ekki allt svo vel hjá **Jennifer Aniston**, sem er miður sín yfir hegðun brátt fyrr- verandi eiginmanns síns **Brads Pitt**. „Daginn sem þau skrifuðu yfir- lysingu um skilnað sinn, ákváðu þau að byrja ekki opinberlega með neinum í hálfu ár,“ sagði vinur leikkon- unnar. „Jen finnst Brad hafa brotið þetta sam- komulag með miklum samvistum sínum við **Ang- elinu Jolie**.“ Jennifer hefur lítið tjáð sig um skilnaðinn en lét þó hafa eftir sér í viðtali við *Vanity Fair* að hún væri afar sár og niður- brotin yfir þessu öllu saman. „[Brad] hlýtur að vanta nærgætnishlutann í heilann,“ sagði hún þegar blaða- maður tímaritsins spurði hana um allar þær myndir sem birst hafa af Brad og Angelinu.



American Pie-leikkonan **Tara Reid** hefur loks viðurkennt að hafa farið í brjóstastækkun. Mikið hefur verið rætt um gifurlega stækkun barm hennar á stuttum tíma en hingað til hefur hún neitað því að hafa farið í aðgerð. „Já, ég fór í brjóstastækkun! Ég meina, allir gera það. Ég skil ekki af hverju ég fæ svona mikla athygli út á það?“ Tara sem undanfarið hefur verið þekktari fyrir að skemmta sér á börum en nokkuð ann- að vakti mikla athygli fyrr á þessu ári þeg- ar hún missti niður hlýra á kjól sínum og beraði annað brjóstið en þá saust augljós ör eftir inn- grip skurðað- gerðar.



ÞÚ OG THINKPAD • DÝPRI HUGSUN

ThinkPad R50e - UROS9DE

Örgjörvi: Pentium M 745 1,80GHz
Minni: 512MB
Skjár: 15" 1024x768 upplausn
Skjákort: 64MB Intel® Extreme II
Diskur: 60GB 5400rpm
Drif: DVD+/-RW Multiburner
Þráðlaust net: b / g
Stýrikerfi: Windows XP Pro

SKÓLATILBOÐ 134.900 kr.

ThinkPad R52 - UN442DE

Örgjörvi: Pentium M 740 1,70GHz
Minni: 512MB
Skjár: 15" 1400x1050 upplausn
Skjákort: 64MB ATI Radeon x300
Diskur: 40GB 5400rpm
Drif: DVD+/-RW Multiburner
Þráðlaust net: a / b / g
Firewire og Bluetooth
Stýrikerfi: Windows XP Pro

SKÓLATILBOÐ 154.900 kr.

3 FYRIR 1

Öll tölvu verur enn betri með göðum hugbúnaði. Microsoft Office 2003 inniheldur verkfærin sem enginn vill vera án. slv. Outlook, Word, Excel og PowerPoint. Þú færð þrjú leyfi fyrir aðeins eitt.

VERÐ ADEINS 14.900 kr.

LYKILORÐIÐ SEM ÞÚ GETUR EKKI GLEYMT

Fingrafaralesarinn á völdum ThinkPad T43 og X41 gerðum er greiptur á þægilegan hátt í tölvuna en þannig fæst öryggisstjórnun sem byggist á lífkennum. Kemur í stað lykilorða með ósigrandi þægindum.

LOFTPÚÐAVÖRN VERNDAR GÖGNIN ÞÍN

Eins og loftpúðaskynjari, greinir varnarkerfi ThinkPad snöggar breytingar á hreyfingu og læsir lestrarhaus harða diskinn í stutta stund til að vernda mikilvæg gögn fyrir óhöppum. Í öllum gerðum nema R50e.

MEST VERÐLAUNAÐA FARTÖLVAN

ThinkPad fartölvur hafa unnið til yfir 1200 verðlauna og er þ.a.l. mest verðlaunaða fartölva sögunnar. Kliku á www.thinkpad.is þar sem þú getur skoðað 20 ástæður fyrir því að velja ThinkPad.

VERÐ FRÁ ADEINS 89.900 KR.

Vertu velkomin(n) í verslun Nýherja, Borgartúni 37.
Sími: 569 7700 - Netfang: thinkpad@nyherji.is

Söluaðilar um land allt.

ThinkPad T43 - UC514DE

Örgjörvi: Pentium M 730 1,60GHz
Minni: 512MB
Skjár: 14" 1024x768 upplausn
Skjákort: 128MB Intel® 900
Diskur: 40GB 5400rpm
Drif: DVD+/-RW Multiburner
Þráðlaust net: b / g
Þyngd: Aðeins 2,3 kg
Bluetooth
Stýrikerfi: Windows XP Pro

SKÓLATILBOÐ 159.900 kr.

ThinkPad T43 - UC34NDE

Örgjörvi: Pentium M 750 1,80GHz
Minni: 512MB
Skjár: 14" 1400x1050 upplausn
Skjákort: 64MB ATI Radeon x300
Diskur: 60GB 5400rpm
Drif: DVD+/-RW Multiburner
Þráðlaust net: a / b / g
Fingrafaralesari
Þyngd: Aðeins 2,3 kg
Bluetooth
Stýrikerfi: Windows XP Pro

SKÓLATILBOÐ 199.900 kr.

ThinkPad

WWW.THINKPAD.IS

SMÁRABÍÓ
HUGSADU STÓRT
SÍMI 564 0000

REGNBOGINN
SÍMI 551 9000

Borgarbíó

FANTASTIC FOUR

VINCE VAUGHN

★★★1/2
-KVÍKMYNDIR.IS

OWEN WILSON

WEDDING CRASHERS

★★★★
-ÖHT. Rás 2

★★★★
-SK. DV

BESTA GRÍNMYND SUMARSINS - FGG, FBL

★★★★
-HJ. MBL

★★★★
-KVÍKMYNDIR.COM

Sýningar í :	SMÁRABÍÓ	REGNBOGANUM	BORGARBIÓ
Fantastic Four b.i. 10 ára	kl. 3.20, 4.20, 5.40, 6.40, 8, 9 og 10.20	kl. 5.30 , 8 og 10.20	kl. 5.50, 8 og 10.10
Wedding Crashers	kl. 5.20, 8 og 10.30 - Lúxus kl. 8 og 10.30	kl. 5.30 , 8 og 10.30	kl. 8 og 10.20
Sharkboy and Lavagirl 3D	kl. 3.40 og 5.50	kl. 6	kl. 6
The Longest Yard	kl. 8	kl. 8 og 10.30	_____
Sin City b.i. 16 ára	kl. 10.30	_____	_____
Hostage	_____	kl. 8 og 10.30	_____
Star Wars EP3 b.i. 10 ára	_____	kl. 5.30	_____

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

– allt á einum stað

- bara lúxus LAUGARÁS BÍÓ Sími 553 2075	
The Ring SKELETON KEY AD ÓTTAST ER AD TRÚA Kate Hudson, Gina Rowlands, Peter Sarsgaard, and John Hurt KATE HUDSON (HOW TO LOOSE) A GUP IN 10 DAYS LEIÐU HEN EMBARRAM TUNNATUNINGUR KYLL Sýnd kl. 5.30, 8 og 10:15. b.l. 16 T O M C R I S T ★★★★ SV, MBL ★★★★★ Kvikmyndir.is no nóg Blaðið WORLDS Sýnd kl. 10:15. b.l. 14	★★★★★ ★★★★★ ★★★★★ ★★★★★ WEDDING CRASHERS LIFE'S A PARTY. CRASH IT. GEGGJUD GRINMYND! Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:15
FANTASTIC FOUR Sýnd kl. 5:30, eg 8	
www.laugarasbio.is	

Beck plokkaði bassann

Rokkdúettinn The White Stripes fékk heldur betur góðan liðsstyrk á tónleikum í Los Angeles á dögnum þegar tónlistarmaðurinn Beck mætti upp á svið eftir upplapp.



THE WHITE STRIPES
Hljómsveitin fékk óvæntan liðsstyrk á tónleikum sínum í Los Angeles.

Fyrst sungu þeir Beck og Jack White dúett við lag þess fyrrnefnda, Cold Brains.

Síðan tók Beck bassagítar í hendurnar og spilaði undir við lagið The Denial Twist af plötu Stripes, Get Behind Me Satan. Beck og White eru miklir vinir og kom White meðal annars lítillga við sögu á nýjustu plötu Beck, Guero. ■

Cocker kemur á sunnudag

Söngvarinn Joe Cocker, sem heldur tónleika í Laugardalshöll 1. september, kemur hingað til lands næstkomandi sunnudag, eða fimm dögum fyrir tónleikana.

Cocker, sem ætlar meðal annars að nýta tímann til að fara í laxveiði, er afburðar silungsveiðimaður og hefur í áraraðir veitt silung bæði í Bandaríkjunum og á Bretlandseyjum. Ný ætlar hann að breyta til og renna fyrir laxi. Þekktur er dhugi félaga hans Eric Claptons fyrir laxveiði á Íslandi sem og Kiri Te Kanawa óperusöngkonu, sem kemur hingað til lands oft á ári.

Cocker er í tónleikaferð til þess að fylgja eftir nýjustu plötu sinni, Heart & Soul, þar sem hann flytur ýmis lög á sinni einstæða hátt. Á meðal laga á plötunni eru One efter U2, Everybody Hurts efter R.E.M. og Jealous Guy efter John Lennon.

Miðasala á tónleikana fer fram
 í verslunum Skífunnar, BT á
 Akureyri og Selfossi, Pennanum
 Akranesi og á concert.is. ■



JOE COCKER

Söngvarinn Joe Cocker kemur hingað til lands á sunnudag.



Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPRON

Kabarett

í Íslensku óperunni

Næstu sýningar

Föstudaginn 26. ágúst kl. 20.00

Laugardaginn 27. ágúst kl. 20.00

Sunnudaginn 28. ágúst - Örfá sæti laus

Föstudaginn 2. september

Laugardaginn 3. september

Miðar í síma 511 4200, og á www.kabarett.is



"Söngur þórunnar
er í einu orði sagt
stórfenglegur..."
SH, Mbl.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren • í samstarfi við Á þakinu

27.ágúst, kl. 14 / sunnd. 28.ágúst, kl. 14.00 /
laugd. 3.sept, kl. 14.00 / sunnd. 4.sept, kl.14.00



Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is

Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:

14-18 mánudaga - laugardega 12-18 sunnodaga Lokað 2. og 3. júl.

The Grinders á Íslandi

Blúshljómsveitin The Grinders spilar á tvennum tónleikum hér á landi dagana 1. og 3. september. Fyrri tónleikarnar verða haldnir á Græna Hattinum á Akureyri en hinir síðari verða á Ljósanótt í Reykjanesbæ.

Upphaf The Grinders má rekja til þess er Kristján Kristjánsson, oftast nefndur KK, kynntist Profess- or Washboard og Derrick Big Walker á ferðum sínum um Evrópu, en þeir stofnuðu The Grinders. Sveitin kom síðast hingað til lands sumarið 1989 þegar hún spilaði sex sinnum fyrir fullu húsi í Rosenberg- kjallaranum. Það sumar var tekin upp platan KK-Upphafið sem kom loks út á síðasta ári.

The Grinders skipa KK, Professor Washboard, Marc Breifelder og Þorleifur Guðjónsson og



THE GRINDERS Hljómsveitin The Grinders spilar á tvennum tónleikum hér á landi á næstunni.

eru unnendur kröftugar blústónlistar hvattir til að láta sjá sig á tónleikunum hér á landi. Miðasala

á fyrri tónleikana hefst í dag klukkan 10.00 á midi.is. Miðaverð er 2000 krónur. ■

Tilboðin gilda til 26.4. 2005

15%

L'OREAL PERFECT SLIM

Gelið sem sannarlega vinnur gegn appelsínuhúð með 85% árangri. Inniheldur Ginko, koffein og Par-Elastyl sem örva blóðflæði húðfruma, hindra myndun appelsínuhúðar, slétta og mýkja hrjúfa húð. 1 sm minna ummál eftir 14 daga. 1,9 sm minna ummál eftir 4 vikur. Perfect Slim hlaut bestu einkunn í franskri neytendakönnun á þekktum kremum fyrir appelsínuhúð.

30%

VEGA SLIMMING

Flottari línur og sléttari magi.
Slimming krómblanda dregur úr hungurtilfinningu og eykur brennslu.

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
„Don't tell me it's a woman - he'd never fall for a bathing suit.“

George Adams úr kvikmyndinni
Bathing Beauty árið 1944.
Svar:

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARNI ÞÓRARINSSYNI LÍKAR ILLA AÐ VERA SKILINN EFTIR Í LAUSU LOFTI.

Aðþrengdir áhorfendur

Þættirnir um Aðþrengdu eiginkonurnar eru með því besta sem boðið hefur verið upp á í íslensku sjónvarpi síðustu mánuði. Það er því ekki nema eðlilegt að maður finni fyrir söknuði nú þegar nokkurra mánaða hlé verður á því að maður geti fylgst með hremmingum húsmæðranna og kostulegum árekstrum þeirra bæði innbyrðis og við annað samferðafólk. Það sem gerir viðskilnaðinn við dómurnar enn verri er að maður er skilinn eftir algerlega í lausu lofti og lokaþátturinn var svik við áhorfendur. Það er lágmarks-krafa að helstu mál séu gerð upp í lok þáttaradar þó vissulega verði að halda einhverjum spennuþáttum gangandi til að tryggja að maður mæti ólmur að sjón-

varpstækinu við upphaf næsta árgangs. Þegar önnur sería Dallas rann sitt skeið var til dæmis nóg að sýna J.R. gráta af gleði yfir því að hafa eignast heilbrigðan son og lofa bót og betrun. Hver hefði vilj- að missa af honum svíkja það loford í næstu seríu? Það hefði hins vegar verið lúalegt að skilja við áhorfendur með Sue Ellen í miðjum hríðum. Svoleiðis gerðu menn ekki í þá daga en það þykir greini- lega ekkert tiltökumál í dag. Desperate Housewives minnir um margt á snilldarþætti Davids Lynch um Twin Peaks, ekki síst fyrir þær sakir að í báð- um tilfellum hefur tekist að teygja ótrú- lega langt úr einfaldri en góðri hugmynd og keyra spennuna áfram á kostulegum

persónum og skondnum hliðar- sögum. Glæpurinn sem var í forgrunni í upphafi verður því að aukaatriði. Það breytir því þó ekki að flækjuna verð- ur að leysa. Lynch glutraði Twin Peaks svo hrottalega niður að lokaþátturinn varð til þess að margir óskuðu þess heit- ast að þeir hefðu aldrei byrjað að horfa. Þetta er ekki alveg svona slæmt hjá krísukonunum en síðasti þátturinn gerði ekkert fyrir mann annað en að vekja upp ugg um að þættirnir renni út í sömu sýruna og Twin Peaks.



AÐPRENGDAR EIGIN- KONUR

22.20
SPENNA
Rose og Maloney

21.15
DRAMA
Eyes

21.45
KVIKMYNDIR
Sjáðu

22.45
SPIJALL
Jay Leno

00.10
ÍÞRÓTTIR
Strandblak

2 SJÓNVARPIÐ

2

SIRKUS

SKJÁREINN

5 SYM besta sætið

6.58 Ísland í bitíð **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í finu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bitíð

17.05 Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Músasjónvarpið (6:13)

12.20 Neighbours **12.45** Í finu formi **13.00** Perfect Strangers **13.25** Married to the Kellys **13.50** Kóngur um stund **14.15** Extreme Makeover **15.00** Monk **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

18.30 Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.35** The Simpsons (6:25) (e) **20.00** Strákarnir **20.30** Fear Factor (19:31) **21.15** Eyes (7:12) Judd Risk Management er ekkert venjulegt fyrirtæki. Harlan Judd og félagar leysa málin fyrir fólk sem af einhverjum ástæðum vill ekki leita á náðir lögreglunnar. Starfsmenn fyrirtækisins eru oft á gráu svæði enda starfa þeir í heimi þar sem blekkingar, launráð og fjárkúganir eru daglegt brauð. **22.00** LAX (4:13) **22.45** Navy NCIS (23:23) Aðalhlutverkið leikur Mark Harmon. Bönnuð börnun.

17.55 Cheers **18.20** Center of the Universe (e)

7.00 Olissport

16.10 X-Games **17.05** Landsbankadeildin (Fram – Fylkir)

18.30 Allt um dýrin (All About Animals) Breskur dýralífsþáttur.
19.00 Fréttir og íþróttir
19.35 Kastljósið
20.00 Everwood (19:22)
20.45 Þrjár Laxnessmyndir Textað á síðu 888 í Textavarpi.
21.05 Stríðsárin á Íslandi (4:6)
22.00 Tiufréttir
► **22.20** Rose og Maloney (5:8) (Rose and Maloney) Bresk þáttaröð um rann-sóknarlögreglukonuna Rose og félagar hennar Maloney sem glíma við dular-full sakamál. Hver saga er sögð í tveimur þáttum. Aðalhlutverk leika Sarah Lancashire og Philip Davis.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.35** The Simpsons (6:25) (e) **20.00** Strákarnir **20.30** Fear Factor (19:31) **21.15** Eyes (7:12) Judd Risk Management er ekkert venjulegt fyrirtæki. Harlan Judd og félagar leysa málin fyrir fólk sem af einhverjum ástæðum vill ekki leita á náðir lögreglunnar. Starfsmenn fyrirtækisins eru oft á gráu svæði enda starfa þeir í heimi þar sem blekkingar, launráð og fjárkúganir eru daglegt brauð. **22.00** LAX (4:13) **22.45** Navy NCIS (23:23) Aðalhlutverkið leikur Mark Harmon. Bönnuð börnun.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Seinfeld **19.30** Game TV **20.00** Seinfeld **20.30** Friends 2 (18:24) **21.00** Joan Of Arcadia (8:23) ► **21.45** Sjáðu Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndaheiminum. **22.00** Kvöldþátturinn Beinskeyttur spjall- og skemmtipáttur þar sem viðburðir dagsins eru hafðir að háði og spotti. Stjórnur og afreksfólk af öllum sviðum samfélagsins koma í viðtöl og verða spurð spjörunum úr. Aðalþáttastjórn- andi er Guðmundur Steingrímsson. **22.45** David Letterman

19.15 Þak yfir höfuðið (e) **19.30** According to Jim (e) **20.00** The Biggest Loser – lokaþáttur í þáttun- um keppa offitusjúklingar, með hjálp sérvalinna einkabjálfa um hverjum gengur best að megna sig og halda reglurnar. **20.50** Þak yfir höfuðið **21.00** Brúðkaupsþátturinn Já **22.00** CSI: Miami Skothríð hefst á neyðarmót- töku, Horatio og lögreglulíðið hans reyna að finna þá sem bera ábyrgð á látunum. ► **22.45** Jay Leno Jay Leno tekur á móti gest- um af öllum gerðum í sjónvarpsal og má með sanni segja að fína og fræga fólkið sé í áskrift að kaffisopa í settinu þegar mikið liggur við.

18.55 UEFA Champions League (Liverpool – CSKA Sofia) Bein útsending frá síðari leik Liverpool og CSKA Sofia frá Búlgaríu í 3. umferð forkeppni Meist- aradeildar Evrópu. **21.00** Ensku mörkin **21.30** Mótorsport 2005 Ítarleg umfjöllun um íslenskar akstursíþróttir. Umsjónar- maður er Birgir Þór Bragason. **22.00** Olissport **22.30** UEFA Champions League (Liverpool – CSKA Sofia) Útsending frá síðari leik Liverpool og CSKA Sofia frá Búlgaríu í 3. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu.

23.10 Málsvörn (25:29) **23.55** Kastljósið **0.20** Dagskrárlök

23.30 Last Action Hero (Bönnuð börnun) **1.35** Fréttir og Ísland í dag **2.55** Ísland í bitíð **4.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

23.35 Rescue Me (8:13) **0.20** Friends 2 (18:24) **0.45** Kvöldþátturinn **1.30** Seinfeld

23.30 The Contender (e) **0.15** Cheers (e) **0.40** The O.C. **1.20** The L Word **1.35** Östöðv- andi tónlist

► **0.10** 2005 AVP Pro Beach Volleyball

2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

OMEGA

E! ENTERTAINMENT

AKSJÓN

ENSKI BOLTINN

6.00 Four Weddings And A Funeral **8.00** The Majestic **10.30** Scooby-Doo **12.00** Benny and Joon **14.00** Four Weddings And A Funeral **16.00** The Majestic **18.30** Scooby-Doo **20.00** Benny and Joon **22.00** Kissed by an Angel **0.00** Rules of Attraction **2.00** The Sweetest Thing **4.00** Kissed by an Angel

7.00 Joyce Meyer **7.30** Benny Hinn **8.00** Dr. David Cho **8.30** Acts Full Gospel **9.00** Ron Phillips **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** Freddie Filmore **11.00** Samverustund (e) **12.00** Kvöldljós **13.00** Joyce Meyer **13.30** Blandað efni **14.30** Gunnar Þorsteinsson **15.00** Believers Christian Fellowship **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Filadelfía (e) **18.00** Dr. David Cho **18.30** Joyce Meyer **19.00** Fréttir á ensku **20.00** Sam- verustund (e) **21.00** Dr. David Cho **21.30** Freddie Filmore **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni **23.00** CBN fréttastofan – fréttir á ensku **0.00** Nætursjónvarp

12.00 E! News **12.30** Love is in the Heir **13.00** Uncut **14.00** Style Star **14.30** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **15.00** The Daily Blend **16.00** 101 Most Starlicious Makeovers **17.00** Jackie Collins Presents **18.00** E! News **18.30** The Soup **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **20.30** My Crazy Life **21.00** The Soup **21.30** Party @ the Palms **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **0.00** Wild On **1.00** The E! True Hollywood Story


7.15 Korter **21.00** Bæjarstjórnarfundur **23.15** Korter

14.00 Tottenham – Middlesbrough frá 20.08. **16.00** Blackburn – Fulham frá 20.08. **18.45** Charlton – Liverpool (b) **21.00** Spurt að leikslökum (e) **22.00** Bolton – Newcastle **0.00** Birmingham – Middlesbrough Beinir útsendingar á aukarásum:
EB 2 kl. 18:45 Birmingham ñ Middlesbrough
EB 3 kl. 19:00 Bolton ñ Newcastle
EB 4 kl. 18:45 Portsmouth ñ Aston Villa
EB 5 kl. 18:45 Sunderland ñ Man. City



FRIENDS
FYNDNUSTU VINIR Í HEIMI
ALLA VIRKA DAGA KL. 20:30

FYLGSTU MEÐ!



VIÐ MÆLUM MEÐ...

LAX

Stöð 2 kl. 22.00



Leikarar í LAX.

Öryggismál í öndvegi

Heather Locklear lék eitt sinn í Melrose Place. Heather Locklear leikur aðalhlutverkið í hörkuspennandi myndaflokki sem er á dagskrá Stöðvar 2 á þriðjudögum. Sögusviðið er alþjóðlegi flugvöllurinn í Los Angeles, LAX. Um flugvöllinn fara árlega milljónir farþega og stjórnendur hans hafa í mörg horn að líta. Öryggismál eru í öndvegi enda vofir ógn hryðjuverka stöðugt yfir. Harley Random er ein þeirra sem fara með völdin á LAX en á meðal daglegra áhyggjuefna hennar eru sprengjuhótanir og drukknir flugmenn.

ERLENDAR STÖÐVAR

EUROSPORT
12.00 Football: Eurogoals 13.00 Boxing 14.15 Snooker: European Open Belfast Ireland 16.15 Athletics: IAAF Super Grand Prix Sheffield 17.45 Athletics: IAAF Grand Prix Linz 20.00 Boxing 22.00 News: Eurosportnews Report 22.15 Football: UEFA Champions League 23.15 News: Eurosportnews Report

BBC PRIME
12.00 Miss Marple 12.55 Teletubbies 13.20 Tweenies 13.40 Fimbles 14.00 Balamory 14.20 Binka 14.25 Bill and Ben 14.35 Ace Lightning 15.00 Antiques Roadshow 15.30 Vets in Practice 16.00 Animal Park 17.00 Bargain Hunt 17.30 EastEnders 18.00 Killer Ants 19.00 Sahara 20.00 Body Hits 20.30 Human Race 21.00 Casualty 21.50 Holby City 23.00 Suitable Boy – Vikram Seth 0.00 Tolkien – Master of Middle Earth 1.00 Henry V

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Devils of Tasmania 13.00 The Sea Hunters: the Search for the Bonhomme Richard 14.00 Air Crash Investigation: Flying On Empty 15.00 Seconds from Disaster: the Bomb in Oklahoma City 16.00 Battlefront: El Alamein 16.30 Battlefront: North Africa 17.00 Animal Nightmares: Bats 17.30 Monkey Business 18.00 Devils of Tasmania 'living Wild' 19.00 When Expeditions Go Wrong: Rampaging River 20.00 Air Crash Investigation: Blow Out [ad] 21.00 Seconds from Disaster: Fire On the Star 22.00 The Sea Hunters: the Search for the Early Submarines 23.00 Air Crash Investigation: Blow Out

ANIMAL PLANET
12.00 The Natural World 13.00 Pet Star 14.00 Animal Precinct 15.00 Pet Rescue 15.30 Wildlife SOS 16.00 Amazing Animal Videos 16.30 Big Cat Diary 17.00 Monkey Business 17.30 Animals A-Z 18.00 Weird Nature 18.30 Nightmares of Nature 19.00 Up Close and Dangerous 20.00 Crocodile Hunter 21.00 Animal Cops Houston 22.00 Monkey Business 22.30 Animals A-Z 23.00 Pet Rescue 23.30 Wildlife SOS 0.00 Up Close and Dangerous 1.00 Weird Nature

DISCOVERY
12.00 Rex Hunt Fishing Adventures 12.30 Hooked on Fishing 13.00 Super Structures 14.00 Extreme Machines 15.00 Scrapheap Challenge 16.00 Ultimate Cars 17.00 American Chopper 18.00 Mythbusters 19.00 Extreme Engineering 20.00 Massive Machines 20.30 One Step Beyond 21.00 Krakatoa 22.00 Forensic Detectives 23.00 Mythbusters 0.00 Weapons of War

MTV
12.00 Boiling Points 12.30 Just See Mtv 14.00 Spongebob Squarepants 14.30 Wishlist 15.00 Tri 16.00 Dismissed 16.30 Just See Mtv 17.30 Mtv:new 18.00 The Rock Chart 19.00 Newlyweds 19.30 My Super Sweet 16 20.00 Power Girls 20.30 The Osbournes 21.00 Top 10 at Ten 22.00 Punk'd 22.30 Wonder Showzen 23.00 Alternative Nation 0.00 Just See Mtv

VH1
15.00 So 80s 16.00 VH1's video jukebox 17.00 Smells Like the 90's 18.00 VH1 Classic 18.30 Then & Now 19.00 The Fabulous Life of... 20.00 When Super Models Ruled the World 21.00 VH1 Rocks 21.30 Flipside 22.00 Crazy Top 5 22.30 VH1 Hits

CLUB
12.10 Fashion House 12.35 Paradise Seekers 13.00 Staying in Style 13.30 Hollywood One on One 14.00 The Review 14.25 City Hospital 15.10 The Roseanne Show 16.00 Yoga Zone 16.25 The Method 16.50 The Race 17.40 Hollywood Star Treatment 18.05 G Girls 18.30 Hollywood One on One 19.00 Girls Behaving Badly 19.25 Cheaters 20.15 Sextacy 21.10 My Messy Bedroom 21.35 More Sex Tips for Girls 22.00 What Men Want 22.30 Men on Women 23.00 Weekend Warriors 23.30 Anything I Can Do 23.55 Arresting Design 0.25 Fashion House 0.50 Ross's BBQ Party 1.15 Staying in Style

CARTOON NETWORK
12.20 Samurai Jack 12.45 Foster's Home for Imaginary Friends 13.10 Ed, Edd n Eddy 13.35 Codename: Kids Next Door 14.00 Viva Las Bravo 16.05 Samurai Jack 16.30 Foster's Home for Imaginary Friends 16.55 Ed, Edd n Eddy 17.20 Dexter's Laboratory 17.45 Codename: Kids Next Door 18.10 The Powerpuff Girls 18.35 The Grim Adventures of Billy & Mandy

MGM
13.20 Prancer 15.05 Program, the 17.00 She Knows Too Much 18.35 I Want to Live (tv Movie) 20.35 Hawaiians, the 22.45 Below the Belt (1980) 0.20 Kidnapped 2.00 Cohen & Tate 3.25 Mechanic, the

TCM
19.00 The Bad and the Beautiful 20.55 Lust for Life 22.55 Suzy 0.25 The Biggest Bundle of Them All 2.10 Brotherly Love

BBC FOOD
12.00 Douglas Chew Cooks Asia 12.30 Ready Steady Cook 13.00 Madhur Jaffrey's Far Eastern Cookery 13.30 James Martin Sweet 14.00 The Naked Chef 14.30 Cupid's Dinner 15.00 Ever Wondered About Food 15.30 Ready Steady Cook 16.00 Rocco's Dolce Vita 16.30 Tamasin's Weekends 17.00 Rachel's Favourite Food 17.30 Beyond River Cottage 18.00 Kitchen Takeover 18.30 Ready Steady Cook 19.00 James Martin: Yorkshire's Finest 19.30 Sophie's Weekends 20.00 Nigella Bites 20.30 Neil Perry Fresh and Fast 21.30 Ready Steady Cook

SV1
13.10 Vet hut! 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Skratt smittar 15.30 Den norske lotsen 16.00 Boli-Bompa 16.01 Kipper 16.10 Brum 16.20 Den gyllene gåsen 16.30 De tre vännerna och Jerry 16.55 Lilla Aktuellt 17.00 Toms mystiska resa i tiden 17.25 Musikvideo 17.30 Rapport 18.00 Uppdrag granskning – vad hände sen? 19.00 Kommissionen 20.30 Vet hut! 21.20 Rapport 21.30 Kulturmyheterna 21.40 Sommartorget 22.10 Ålskade dumburk 22.40 Sändning från SVT24

TALSTÖÐIN FM 90,9

!

7.03 Morgunútvarpið 9.03 Margrætt með Elísabetu Brekkan. 10.03 Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

12.15 Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni. 13.01 Hrafnþing 14.03 Fótboltavikan með Hansa 15.03 Allt og sumt 17.59 Á kassanum. Illugi Jökulsson. 19.30 Úrval úr Morgunútvarpi e. 20.00 Margrætt með Elísabetu Brekkan e. 21.00 Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni e. 22.00 Á kassanum e. 22.30 Hádegisútvarpið e. 23.00 Úrval úr Allt & sumt e. 0.00 Hrafnþing Ingva Hrafn e.

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Árla dags 7.30 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.40 Sögumenn samtímans 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Sádómen söngvanna 11.03 Samfélagið í nærmynd

13.00 Sakamál, Væðarleysi 13.15 Sumarstef 14.03 Útvarpssagan: Hús úr húsi 14.30 Ekki hlusta á þetta 15.03 Hljómsveit Reykjavíkur 16.13 Hlaupanótan

17.03 Víðsjá 18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.00 Laufskálinn 20.05 Trúbadorar og tignar 21.00 Á sumar-göngu 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Kvöldsagan, Ragtime 23.00 Fnykur

ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþrúður Karlsdóttir 10.00 Rósa Ingólfsdóttir 11.00 Bláhornið 12.25 Meinhornið 14.00 Kjartan G. 15.00 Hildur H 17.00 Gústaf

Nielsson 18.00 Meinhornið 19.00 Bláhornið 20.00 Arnþrúður Karlsdóttir 22.00 Rósa Ingólfsdóttir 23.00 Kjartan G. 0.00 Hildur H 1.00

Kynjastríðið 2.00 Gústaf Nielsson 3.00 Rósa Ingólfsdóttir 4.00 Kjartan G. 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.30 Morgunvaktin 8.30 Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni 10.03 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Dægurmálaútvarp Rásar 2 16.50 Spánarpistill Kristins R. Ólafssonar 17.03 Útvarp Bolur

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 20.00 Músik og sport 22.10 Rokkland

0.10 Ljúfir nærturtónar

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskylda útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying



Posturepedic

Stuðningur sem þú treystir, þægindi sem þú elskar

Stærsti rúmaframleiðandi í heimi!

Hversvegna ?

Sealy Posturepedic eru vinsælustu heilsurúm Bandaríkjanna síðastliðin 30 ár. Sealy eyðir meiri fjármunum í vörupróun en allir aðrir dýnuframleiðendur heims.



Hversvegna ?

Sealy Posturepedic gormurinn sem er hjartað í heilsudýnnunni, er hannaður í samvinnu við nokkra færustu bæklunarskurðlækna Bandaríkjanna. Hann bregst mismunandi við þyngd og því geta tveir misþungir einstaklingar notað sömu dýnuna.



Hversvegna ?

Sérhannaður styrktarkantur sem tryggir hámarksnýtingu á svefnfleti, ásamt því að kantar dýnnunnar veita betri stuðning. „Thermo Bond“ uppbyggingin dregur úr hreyfingu á milli einstaklinga í sama rúmi.



LYSTADÚN

Marco

Reykjavík: Möркиn 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

Opið virka daga: 10–18



HRÓSIÐ

... fá FH-ingar fyrir að næla sér í Íslandsmeistaratitilinn annað árið í röð.

1	2	3	4	5
6				7
8			9	
		10		
	11		12	13
14				15
16			17	
18				

LÁRÉTT 1 skyndilega 6 matjurt 7 forfaðir 8 tímaeining 9 fornafn 10 ...faldur 12 ætt 14 leikföng 15 sjó 16 klaki 17 langar 18 dreifa.

LÖÐRÉTT 1 ílát 2 lík 3 mjóður 4 óvar-kárni 5 að 9 pappírblað 11 styrktartré 13 skartgripur 14 gyðja 17 hættu.

LAUSN

Vá. 5 TÍL 9 Örk, 11 Póst, 13 Næla, 14 Dis, 17 LÖÐRÉTT: 1 Skál, 2 Nær, 3 Öl, 4 Gálsey, 5 Vil, 18 Strá. LÁRÉTT: 1 Snöggr, 6 kál, 7 Ái, 8 Á, 9 Öl, 10 Þre, 12 Kyn, 14 Dót, 15 Sæ, 16 Ís, 17

[VEISTU SVARIÐ]


Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Í Portugal og Spáni.
- 2 Hannes Hlífar Stefánsson.
- 3 14 stiga forskot.



ALLT & SUMT
Með Hallgrími Thorsteinssyni, Helgu Völu Helgadóttur og Helga Seljan.

Á Talstöðinni alla virka daga kl. 15.



DÓTAKASSINN GUY FYRIR IPOD FRÁ SPECK

Eykur skemmtanagildi iPodsins

SEM ER?

iPodinn er nánast orðinn almannaeign líkt og farsím-inn. Eina vandamálið er að þegar hann er tengdur við græjurnar er hann bara lítið og leiðinlegt tæki. Nú hafa hönnuðir hjá fyrirtækinu Speck hins vegar búið til umbúðir utan um þetta vinsæla tæki sem bæði vernda hann og eru mannsins gaman. Þetta er lítil skrytín kall sem getur brugðið sér í allra kvikinda líki og tekur við öllum gerðum af iPod-spilaranum.

HVERNIG VIRKAR ÞAÐ?

iPodinum er stungið ofan í iGuy og nýtur þannig verndar frá misvitrum vinum og handóðum börnum. Það sem er hins vegar aðalmálið hjá iGuy er að það er hægt að beygja hann á alla kanta og hafa hann í hvers kyns stellingum. Hann er því bæði ákaflega snið-ug lausn fyrir þá sem hafa lengi velt því fyrir sér hvern-



ig er hægt að vernda iPodinn og gefur iPodinum nýtt skemmtanagildi.

HVAR FÆST ÞAÐ?

iGuy er hægt að panta á heimasíðu Speck, www.speckproducts.com.

HVAÐ KOSTAR ÞAÐ

iGuy kostar rúmar tvö þúsund krónur án sendingar-kostnaðar.



JÓN ÓLAFSSON OG HILDUR VALA: MÚSÍKALSKT PAR

Ást og hamingja í kring-um Idol-keppnina

Jón Ólafsson, sem borið hefur titilinn kynþokkafyllsti karlmaður Íslands, og Hildur Vala, söngfugl og Idol-stjarna, eru að hittast. Ekki bara til að spila saman tónlist heldur eru þau farin að rugla saman reytum. Jón vildi lítið um þetta mál tala en sagðist vera feginn að vera ekki lengur í felum með það. Hann vildi frekar tala um slakt gengi Þróttara í deildinni, en þeir töpuðu fyrir ÍBV á Íslandsmeistarabaráttunni á sunnudaginn og eru í bullandi fallbár-áttu. „Hefði ég æft eins og maður væri ég örugglega á bekknum, 42 ára gamall,“ sagði hann og kenndi vindinum í Eyjum um úrslitin. „Þeir kunna að spila í svona roki. Sparka bara boltanum hátt upp í loftið og svo fýkur hann inn,“ útskýrði Jón og hló. Hann bætti við að Köttarar, stuðningsmenn Þróttarar, hefðu þrátt fyrir úrslitin verið í miklu stuði úti í Eyjum.

Talið barst þó snögglega aftur að þessu nýjasta pari í tónlistarheiminum en Jón var ákaflega fámáll. „Maður er ekkert að hugsa um svona hluti heldur gerast þeir bara,“ sagði hann.

Mál Paulu Abdul, sem er dómari í bandarísku Idol-keppninni, hefur verið ofarlega á baugi að undanförunu í fjölmiðlum þar vestra. Hún var sökuð um að hafa átt í ástarsambandi við Corey Clarke, sem tók þátt í keppninni fyrir ári, og hafa aðstodað hann með lagaval. Mikil rannsókn fór fram innan Fox-sjónvarpsstöðvarinnar og var Abdul hreinsuð af á sökunum. Blandaðamanni lék því forvitni á að vita hvort eitthvað slíkt væri fyrir hendi en Jón hló bara. „Það er svo langt síðan að Idol-keppnin var og þetta gerðist bara í sumar,“ sagði hann og þar við sat.

Ástin og rómantíkin hefur



HILDUR VALA Hildur hefur sungið með Stuðmönnum í sumar en hún gaf út plötu undir styrkri stjörnu Jóns Ólafssonar.



JÓN ÓLAFSSON Jón var ánægður með lífið og tilveruna þrátt fyrir slakt gengi Þróttara í knattspyrnu. Hann vildi lítið tala um samband sitt og Hildar Völu.

heldur betur blómstrað í kringum Idol-keppni Stöðvar 2 síðan þátturinn hóf göngu sína fyrir þremur árum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru Jón og Hildur Vala tíunda parið sem sprettur upp í kringum hana. Það gæti því

allt eins verið að einhverjir af þeim rúmlega fjórtan hundruð sem skráðu sig í keppnina núna gætu átt eftir að finna ástina í sínu lífi. Hún er því orðin miklu meira en bara söngkeppni.

freygigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Jón Karl Helgason, fræðimaður og forleggjari hjá bókaútgáfunni Bjarti, bættist nýlega í stöðugt stækkandi hóp Íslendinga sem úttala sig um allt og ekkert á persónulegum blogg síðum. Jón Karl er lunkinn kenningasmiður og hefur meðal annars leitað að höfundum Njálu í víðu samhengi. Blogg sitt nefnir Jón Karl Gráa svæðið og birtir það á slóðinni <http://tjonbarl.blogspot.com>. Hann beinir ekki síst glöggum auga sínu að þjóðfélaginu og les úr hinum ýmsu táknum sem birtast í umhverfinu og þannig varð hann fyrir hugljómun í biðröðinni við kassann í Bónus og setur fram áhugaverða kenningu í nýjustu færslu sinni um það hvernig **Jón Asgeir Jóhannesson** og félagar í Baugi geta grætt á Bausmálinu. „Þegar eigendur Baugs sáu hvert stefndi settust þeir niður og spurðu sig sömu grundvallarspurningar og Ragnar í Smára. Fram undan var lögreglurannsókn, ákærur, söguleg réttarhöld, pólitískar samsæriskennningar; með öðrum orðum efni sem fjölmiðlar gætu gert sér stórkostlegan mat úr, efni sem ætti eftir að selja, dag eftir dag, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð. Já, spurningin var: Hvernig getum við grætt á þessu? Og svarið var einfalt: 365 miðlar.“



Hollywood-sjarmörinn og leikarinn með barnsandlitnið **Ryan Phillippe** er eins og alþjóð veit staddur á Íslandi við tökurl á næstu mynd **Clints Eastwood**, *Flags of Our Fathers*. Þótt Eastwood sé þekktur fyrir að halda uppi heraga á tökustað hefur Ryan náð að djamma vel í Reykjavík og hefur síður en svo látið aftra sér í kvennámálum að hann sé giftur eðalleikkonunni **Reese Witherspoon** og eigi með henni tvö börn. Miklar sögur fara af afrekum Ryans á stúlkna-veiðum á börum borgarinnar og nú síðast fór hann mikinn á Café Oliver. Kappinn komst þó að því um helgina að það getur þurft meira en fríða snoppu og þekkt nafn til þess að tálðraga íslenskar meyar en ein þeirra sneri snarlega við honum bakinu eftir að hann hafði gerst svo djarfur að gefa henni upp númerið á hóteliherberginu sínu.



Dr. Robert Moog bjó til skrítn hljóð

Frumkvöðullinn í gerð hljóðgervla, dr. Robert Moog, er látinn 71 árs að aldri. Á meðal þeirra hljómsveita sem notuðu hljóðfærin hans voru Bítlarnir, The Doors og Kraftwerk. „Hann og Don Buchla voru í þessu. Buchla var meira í tilraunapælingum og hippastemningu og vildi til dæmis ekki vera með nótur á sínum hljóðgervlum,“ segir listamaðurinn Birgir Örn Thoroddsen, sem þekkir vel til dr. Moog. „Það er flott sánd í þessu. Þetta eru vel hannaðar græjur og músíkalskar.“

Dr. Moog smíðaði sinn fyrsta hljóðgervil þegar hann var fjórtán ára og árið 1964 gerði hann Mini-Moog, fyrsta handhæga hljóðgervilinn. Hljómsveitin The Beach Boys notaði hljóðgervil hans í laginu Good Vibrations árið 1966 en það var ekki fyrr en tveimur árum síðar sem dr. Moog varð þekkt nafn í tónlistarbransanum. Þá notaði Walter Carlos hljóðgervil hans á



BIBBI Birgir Örn Thoroddsen þekkir vel til dr. Robert Moog sem er nýlátinn.

Grammy-verðlaunaplötunni Switched-On Bach, sem ruddi veginn fyrir þróun raftónlistar.

„Ef hann hefði ekki gert þessa minni hljóðgervla hefði raftónlistarsenar þróast miklu seinna,“ segir Bibbi. Aðspurður segir hann að hljóðgervill hermi eftir hljóðum sem við þekkjum úr umhverfinu

með rafmerkjum. „Þessir elstu hliðrænu hljóðgervlar eins og dr. Moog bjó til unnu með rafmerkin fram og til baka. Það er auðvelt að búa til skrítn hljóð og eiginlega ótakmarkað hvað er hægt að gera með þessu. Núna eru komnir hljóðgervlar í tölvur sem eru að herma eftir þessum gömlu græjum,“ segir hann. ■

Svefn & heilsa



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

SVEFN & HEILSA
GEGNIR
MIKILVÆGU
HLUTVERKI

Veldu það besta!

SOFÐU VEL - HEILSUNNAR VEGNA

ÚTSÖLUHORN

Dýnur • Rúm
Húsgögn
og fleira

ÓTRÚLEG VERÐ

Leðurhægindastólar



Svefnsófar



Verð frá 79.900.- stgr.

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR



iq-care.com

Chiropractic®
2005



IQ-CARE
HEILSUKODDAR



Biflex



actilinea



WALLHUGGER



EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



Svefn & heilsa



Verið velkomin

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Ópið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Trúlofunar- og
giftingarhringir



20% afsláttur
www.gunnimagg.is
Strandgötu 37 • Hafnarfirði • 565 4040

989
BYLGJAN
Lífsaugað

Þriðjudagskvöld 22-24



BAKÞANKAR

KRISTÍNAR HELGU
GUNNARSDÓTTUR

Menningarfylleri

Menningardagurinn var veisla í miðborginni. Bollývúdd-dansarar, tryggingafélagsdraugar, leikarar í klettaklifri, strengjakvartett, myndlist, kóngsdætur og Arabíu-nætur. Brosmildur lögregluforingi spjallaði við gesti og gangandi í Austurstræti. Í mannþrönginni í Bankastræti kallaði einhver: Æi, hjálp, ég missti linsu. Ömmur dönsuðu línudans og meira að segja sól-in fór að glenna sig. En svo skall á eitthvert menningarlegt óveður að næturlagi – suddi og hraglandi með tilheyrandi leiðindum. Þetta gerðist líka í hitteðfyrri, sagði löggan, en ekki í fyrri. Þá var svo gott veður.

FER mannskapurinn ekki á fylleri á almannafæri í góðu veðri? Er það rokið og hellidemban sem fær liðið til að skvetta í sig? Það getur svo sem vel verið – en hitt er víst að í fyrri var nokkuð öflugur áróðursbylur undanfari menningarnætur til forvarnar fyrir foreldra og börn. Kannski hefur áminningardemban nú ekki verið jafn öflug og síðast. Við vitum það eitt að fullir krakkar í bænum að næturlagi eru þjóðlegt ferðapjónustufyrirbæri líkt og Svarti dauði, Gullfoss, Geysir og lopapeysur. Túrhestar mynda herlegheitin ákaft eins og Ólafsvöku, afríska þjóðdansa og kínverska hópleikfimi.

ÞETTA er pínulítið og brjálað dótasamfélag, sagði Íslendingur sem er löngu brottfluttur af skerinu og datt niður úr skýjunum um daginn í stutta heimsókn. Eru til dæmis allir alltaf í erfiðum jöklaferðum á hálendinu? spurði hann og benti undrandi á sérútbúna fjallajeppa á torfæruhjóllum í miðborginni. Tja, nei, svöruðum við afsakandi, en það snjóar nú stundum. Þið eruð dótasjúklingar og gleymið öllu mannlegu á meðan, sagði hann ergilegur og okkur setti hljóð. Ég mundi eftir konunni sem var alla ævina svo upptekin af því að hafa fínt í stásstofunum að hún bauð aldrei nokkrum manni inn til sín.

EN við erum metnaðarfull, dugleg og viljum gera allt af myndarskap, svöruðum við okkur til málsbóta. Við höldum meira að segja ástarviku til að fjölga á Vestfjörðum. Já, það er metnaðarfullt, myndarlegt og dugmikið krakkafyllerið í miðbænum, sagði hann og hló kaldhæðnislega. Æ, hver er fullkominn? tuldruðum við. Það má áreiðanlega finna margt vont í útlöndum líka.

www.volkswagen.is

Passat

– nýtt orð yfir lúxus



Volkswagen Passat er stærri og rúmbetri, öflugri, fágaðri og betur búinn en nokkru sinni.

Passat býðst nú með nýjum og öflugum FSI® bensín- og TDI® dísilvélum með 6 gíra handskiptingu eða 6 þrepa sjálfskiptingu.

Meðal staðalbúnaður má nefna hemlalæsisvörn (ABS), rafstýrða stöðugleikastýringu (ESP), spólvörn (ASR), rafræna handbremsu, fjarstýrða opnun á farangursgeymslu og byltingarkenndan kveikjubúnað sem aðeins er að finna í Volkswagen Passat.

Lúxus hefur fengið nýja ásýnd. Komdu og kynnstu Volkswagen Passat.

Verð 2.690.000 kr.

Comfortline 2000 FSI 150 hestöfl, 6 gíra sjálfskiptur

Verð 2.275.000 kr.

Trendline 1600 FSI 115 hestöfl, 6 gíra beinskíptur



Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 • HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 • HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 • HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 • HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 • HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

100%
veðsetningarhlutfall

Frjáls íbúðalán

4,15%

4,15% verðtryggðir vextir

Engin skilyrði
um önnur
bankaviðskipti

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar.
Þú getur litið inn í Lágmúla 6, hringt í síma 540 5000
eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is